SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

Ungmennafélagið Gnýpa, Mýrarhreppi

Blaðið „Fram“

1. – 6. árg. 1909 - 1915

Aðfnr. 3583/765

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af

Þjóðskjalasafni Íslands

Tekið af vef Skjalasafns Ísafjarðar

www.safnis.is

Fram.

1. tbl. | Núpi 2. desemb. 1909 | 1. árg.

Ávarp til fjelagsmanna frá Fram

Þá er jeg nú risið úr dáinu á ný, eftir kvildina, albúið til þess að taka til starfa.

Jeg skal ekki vera heimtufrekt við ykkur. Það sem jeg heimta er eitthvað í mig og útan á mig til þess að jeg geti haldið við líf-inu og fekið dálitlum framförum en vetkist ekki upp og deyji því það veit jeg að þið viljið ekki.

Tilgangur minn er það, að greða veg þeim hugsunum, sem búa í brjóstum ykkar.

Æsklegast væri það auðvitað að það væri sem mest fræðandi, uppbyggjandi og skemtilegt. Þið skuluð ekki hugsa sem svo, að þið getið ekki skrifað neitt, það sje of ómerkilegt. Einsinni verður allt fyrst og það fer má batnandi. Jeg lít eins að hinu smáa og tek því opnum örmum.

Nú er það því alt undir ykkur sjálfum komið, hvort þið viljið að jeg nái tilgangi mínum, eða ekki.

Því vona jeg fastlega og þykist vita að þið takið mig verða ykkur til sóma, eftir því sem ykkur er framast unt.

Góður og einlægur vilji má sín mikils, og árangið og starfskraftarnir aukast, þegar maður hefir fagra hugsjón að starfa fyrir.

Jeg fel mig nú forsjón ykkar og vona mjer líði vel og verði ykkur til gagns og sóma, þann tíma sem jeg á að vera með ykkur.

Smásaga

Jeg ætla að segja ykkur sorglta sögu viðvíkjandi blóðbindindinu okkar. Hún er reyndar hvorki merkileg, nje fræðandi, en hún sýnir hve góður vilji getur áorkað miklu ef hann er einlægur.

Það voru einusinni tvö frændsystkin á sama bæ. Hún mun hafa verið um 16 ára að aldri en hann 12 ára. Hún hafði aldrei blótað því mamma hennar hafði bannað henni það, en þegar drengurinn stálpaðist, þá vandi hann sig á að blóta - þótti auðvitað verða meiri maður, ef hann blótaði eins og fullorðna fólkið. En það fór eins og oft vill verða að það varð alvara úr gamninu þegar hann var um 13 ára gat hann varla talað svo eina setningu, að ekki fylgdi henni blótsyrði, og utanbæjarfólk var

farið að taka til þessa, því drengurinn var að öðru leiti vandaður.

Það var eitt kvöld um vorið að drengurinn var að hátta og blótaði, og blótaði þá eins og vandi hans var við einhverju sem hann sagði. Franka hans sagði það við hann, að hún skyldi gefa honum svarta hvetlu sem hún átti, ef hann blótaði ekki framar það sumar. Hann hjelt það mundi ekki verða til mikils, því hún mundi svikjast um það að láta hann fá kindina. Hún sagði að hann mundi samt hafa á það en heimilisfólkið hjelt að hún mundi eins vel efna heitið og hann.

Morguninn eftir, þegar hún var að mjólka kúna en hann að vatna kálfinum, var kálfurinn í illu skapi og vildi ekki drekka. Mundi gleymdi nú hertinn og blótaði kálfinum sem mest hann mátti verða. Mundi kallaði franka hans á eftir honum, um leið og hann ætlaði út, „hvað sagðirðu nú" „Ja, ja" sagði hann dauflega „það er ekki til neins jeg get ekki haldið það." „Ju, reyndu aftur" sagði franka hans, „það skal verða fyrirgefið jafnvel þó það komi fyrir tíu sinnum til en reyndu nú bara að gæta að þjer." En hún þorði ekki að fyrirgefa honum oftar, því hann blótaði aldrei framar það sumar, og hann varð jafnvel viðmótsþýðari í umgengni. Drengirnir stríddu honum svo mikið, að hann blótaði. Nei! hann aðeins þagði, og sparaði sjer þannig þau ruddaorð, sem áður höfðu flýgt blótsyrðunum.

Og franka hans stóð við orðsín, og gaf honum kindina. Síðan eru nú liðin sjö ár, og veit jeg ekki til að hann hafi blótað síðan.

V.

Saga

Einusinni er jeg var á veiðiförum jeg að fjörn allstórri, þar sem mikið var af villiöndum, en þar fóru svo dreift, að jeg sá að jeg mundi ekki ná nema einni í skoti og jeg átti aðeins eitt skot eftir í byssunni. Mig langaði samt mikið að ná í endurnar, þar sem nokkrir vinir mínir ætluðu að borða hjá mjer miðdegisverð. Nú mundi jeg eftir að jeg átti dálítinn fleskbita frá morgunverðinum í töskunni minni og náði jeg í hann. Þá náði jeg í snæri, sem jeg hafði meðferðis, bundinn í og rakti baðupp og batt saman fleskbitana í endan á snærinu henti því síðan út á fjörðinn, svo langt sem jeg gat og faldi mig síðan í sefinu. Bráðt kom ein önd að fleskinu og át það þegar, en fleskið er sleipt, eins og menn vita og rann það viðstöðulaust gegnum hana. Nú sýndu hinar endurnar að og er fleskbitinn kom aftur á fjörðinn gleypti önnur öndin hann þegar fór eins fyrir henni að fleskið

hafði þar skamma dvöl og er skemst frá því að segja að loks höfðu allar andarnar gleypt hákarlana og voru þannig praddaruppá bandið hjá mjer. Nú dró jeg veiðina á land, sívafði bandið með öndunum á um mig miðjan og hjelt heimleiðis.

En er jeg hafði gengið um bríð fór jeg að lýjast undir byrðinni og sá þá eftir að hafa tekið svona margar endur. Þótt hálfþreyttur endurnar að slá upp vængjunum því þær voru lifandi eins og menn muna og voru nú farnar að ranka við sjer aftur, og endirinn á þessu var sá að þær tóku mig á loft.

Hjer var ekki gott í efni, en nú datt mjer ráð í hug. Jeg spentí frá mjer treyjunni og stýrði mjer með öxlunum á henni, en er endurnar báru yfir hús mitt, þá tók jeg saman eina og eina af öndunum og sneri úr hálsliðnum og við það smálækkaði jeg í loftinu þar til jeg rendi niður um reykháfinn til allrar hamingju var ekki eldur á arninum og komst jeg því með öllu óskemdur úr för þessari.

Önefndur

Sveitin okkar
eftir Dýra

Okkur þykir víst öllum vænt um sveitina okkar, sem við erum fædd og uppalin í, og öllum okkur þykir hún víst vera fögur. Hún er ekki fyrir augum okkar, eins og svo margt sem okkur þykir fásjeð og fagurt á fyrstu en finnst svalt minna líf þessafar sem við sjáum það. Nei! Hún vefst ávalt í okkar augum þessafar sem við ~~sjáum~~ virðum hana fyrir okkur.

Jeg efast ekki um að morgum þyki fagurt á vorin, þegar eins og allt er að losna úr helgargreipum vetrarins og vakna á ný til lífsins og starfsins. Þegar sveitin smátt og smátt með hverjum degi er að færast í græna sumarbúninginn sinn; eða á sumarmorgnana, þegar sólin gyllir fjallabrúnirnar og aftur á kvöldin, þegar hún er að síga „á eginn" og slær rauðleitum geislum sínum yfir sveitina í kvöldkyrrðinni.

Hún getur einnig verið hlkomumikil á haustin og vetrarkvöldunum í hvíta búningnum sínum þegar mánnin varpar bjarma sínum yfir sveitina fjallatindana og hlíðarnar sjórnurnar tindra á himninum og loftið er svalt og hressandi.

Jeg efast ekki um að hver sem hefir veitt sveitinni okkar einhverja eftirtekt og hefir sjeð fegurð þröngu dalanna og tign tindanna hennar, mikið betur en jeg þeim mundi þykja hún fögur og mundi ekki vilja kannast við annað en hún væri það.

Og víst var hún fögur á augum Ijestsins, á land-

Skjalasafn Ísafjarðar

vaamsöldinni þegar hann fekk
orð sendinguna frá Gísla að snúa
við aftur, og koma eigi til Dýra-
fjarðar að sinni ella mundi
það kosta líf hans. Þessumn
var þá staddur á vestari brún
Þemilfellsheiðar, er hann fekk
orðsending þessa. Hann leit
þá eptir sveitina sína og sagði:
„Nú hallar öllum vötnum til
Dýrafjarðar og mun jeg hvergi
aftur snúa". Hann gat ekki
fengið af sjer að skilja nú aftur
við sveitina sína og vandamenn
sem hann var nú rjett að líta
eptir langa burtveru. Nei! hann
hjelt áfram, en við vitum sjálf-
sagt öll hvað dýrt honum
varð það að taka þennan kost-
inn og að það fór einsog orð-
sendingin sagði honum, það
kostaði hann lífið.

Við endingu vildi jeg óska
þess að sveitin okkar tæki sem
mestum og bestum framförum
í öllu nytsömu og góðu.

Blessist sjerhvert það starf sjerin-
læki sem hver góður drengur
tekur sjer fyrir hendur hennni
til framfara og heilla.

— Íslandi. —

Út hjá norður heimskauts hafi,
hreinka svipi með hvíta brá,
upp úr djúpu öldu kafi
öðrum löndum skilin frá
gnæfir sögufoldin forna
funaheit og jökulköld
vermd af Ljós um sumarmorgna
sveipuð aftanroða um kvöld.

— II —

Oft þó hamist aldan ræða,
undur köld við fína strönd,
berðu fannar faldinn breiða
fegri en nokkur önnur lönd,
Þú hefir fóstrað okkur alla,
upp við móðurbrjóstið þitt,
þar vil jeg sídest höfði halla
og hafa legurúmið mitt.

Eykonan bjarta
eld ber í hjarta
umvafinn sæfi og fakin af mjöll
dynjandi alda
við klettana kalda
kveður um vætur og löngu daudrjöll.

— II —

Hjartfólgna óðinn
ángurblíð Gróin
einatt við heyrum í fossanna nið,
vorblómin smáu
í hlíðunum háu
heitt minnast ægisóar fósgeisla við.

— II —

Gátur

1. Tunnan apir en peir sem af
henni drekka pegja
2. Það er bót ofan á bót og
þó sjest ekkert nálspor.
3. Hver spýta er pyngst.
4. Hvað er það sem ekki er soðið,
ekki tuggið, ekki vent niður,
en smakkast þó mörgum vel?
5. Þú hefir aldrei sjeð það aldrei
heyrt það, þó varð ur því heim-
urinn og allt sem þú í honum
sjer.

Fram.

2. tbl. | Nýja 6. janúar 1910 | 1. árg.

Þjóðerni og móðurmál

Þjóðerni og móðurmál, er hin dýrasta eign hverrar þjóðar, og það er þetta tvennt, er aðallega einkennir hverja þjóð þjóðir, sem þjóð og skipar henni þjóðstakt sæti meðal annara þjóða

Hver þjóð, sem vanrækir þetta sundrast smátt og smátt uns hún sameinast öðrum og hverfur sjálf úr tölu þjóðanna. Enkum verða smáþjóðirnar að veita öflugri mótspyrnu, eigi þær að geta varðveitt þetta, því oftast hættir þeim, sem máttugri eru að leggjast á lítilmagnan.

Vjer íslendingar erum „fátæk og fámenn þjóð," það er sá pistillinn, sem löngum hefir verið lagt út af, og oss hefir tekist að varðveita þjóðerni vort og tungu, í meir en þúsund ár, og vjer eigum að geta varðveitt það öld eftir öld; vjer erum því engan veginn óhultir með að geispa upp vörnina, síður en svo.

Eftir því sem viðskiftin við aðrar þjóðir aukast, eftir því vaxa hin erlendu áhrif á þjóðerni vort og tungu, það er því nauðsynlegt að hafa stöðugt vakandi auga, og vera jafnan viðbúin að verjast — þessum illu árásum.

Þjóðernið útheimtir þjóðrækni, eða ættjarðarást, ef það á að geta haldist við, og snertir hún svo margt. Það er svo margt, sem á að hvetja til hennar, og hún á að koma fram í svo mörgu, að jeg er engan veginn fær um að telja það upp allt og hinsvegar mundi tæplega vera rúm fyrir það hjer.

Það fyrsta sem hvatt getur til ættjarðarástarinnar er: — sjálfstæðishvötin, óskin um að verða sjálfstæð þjóð, með sjerstöku þjóðerni; einnig endurminningin um forna þjóðfrægð vora, minningin um það, að — „svona er feðranna frægð fallin í gleymsku og dá," og sú von „að eyjan hvíta á sjer enn von, ef fólkið þorir guði að treysta hlekki hrista, hlúða rjettu, góðs að bíða."

Sá er náttúrufegurðin — öflugt meðal í að glæða ættjarðarástina, og það erum vjer flestir sammála um, að Ísland standi í náttúrufegurðinni fyllilega jafnfætis öðrum löndum, og hafi jafnvel margt það til síns ágætis, sem önnur lönd hafa ekki í því efni. Enda þótt þess gerist ekki þörf, langar mig til að minnast með fáum orðum á það einkennilegasta í íslenskri náttúru, sjerstaklega landslagið, og má þar til nefna: — fyrst og fremst Geisir þenna

tignarlega kjörgrip landsins og einkennilega náttúru-afbrygði, — enn fremur eldfjallið Heklu, er — sendir sínar ægilegu og eldlegu sýnir þegar minst varir, eins og reiðubúið að uppbrenna alla dýrð og dáðleysi. Jöklarnir þenja út drifhvítan faldinn og rísa upp, með „hrimi þakinn hamra tind í himins blárri mynd.“ Harnbjargtigir fram sína sverhnýpu tinda, eins og útvörður móti hildjúpu hafinu, tröllslegt og tignarlegt tilsýndum, og auk þess er fjöldi fegurra fjalla, sem rísa upp eins og vættir á verði hvervetna um hverfis oss. — Enn má minnia á árnar og fossana, engin og vötnin og svo botnist við brekkna og hlíða blóminn, bjarkhrislurnar fjölu og hvanna stóð.

Vjer þurfum ekki út úr sveitinni okkar til að leita náttúrufegurðarinnar, hún er innig hjer, en vaninn og ónóg athugun hefir gert það hversdagslegt og nálega einskis virði í augum vorum.

Svo að jeg minnist nú innig með nokkrum orðum á það, í hverju ættjarðarástin á að koma fram, þá er það í stystu máli sagt, — að elska allt það fagra, góða og gagnlega, sem tilheyrir landinu, eða — þjóðinni.

Ef vjer lærum að — elska sveitina vora og heimilið vort, og vinna fyrir þau, þá er meiri von um að — oss lærist síðar að elska landið — vort og þjóðina, og vinna því eitthvert gagn. Kennum börnum vorum að elska fæðingarblettinn sinn, heimilið sitt og alla, sem standa þeim næstir, þá er hægra að kenna þeim að elska og vinna fyrir sveitina sína, hjeraðið sitt og svo allt landið — og í sambandi við þá, sem búa í sveitinni þeirra, og svo þjóðinni í heild sinni.

Ættjarðarástin getur sínt sig í svo mörgu fleyra, smáu sem stóru, eins og til dæmis í að hafna öllum útlendum óþarfa klæðum og háttum, en nota það sem innlent er og þjóðlegt. Jeg á ekki við að hafna því, sem gott er og nauðsynlegt, en því að eins getur það verið gott heitið, að það spilli ekki því íslenska, nje útrými öðru, sem gagnlegt er. Jeg verð í þessu sambandi að minnast, aðeins með fáeinum orðum á búninginn — hvað það er ákaflega óviðkunnanlegt þegar maður sjer íslenskt sveitafólk ganga í útlendum búningi, sem alloft gerir það, er það notar að hreinustu skrípamynd, án þess að jeg minnist á allt það óþjóðlega oflátunga — safn í kaupstöðunum, er virðist svo hrðalega hreykið af því að geta gengið í útlendum hamförum.

Vjer eigum að láta það íslenska sitja í fyrirrúmi, nota það eftir föngum og — hlynna að því eins og hægt er.

Móðurmálið er sú óðalsins-vegi, er viðheldur lífsafli þjóðarinnar, því er það svo

eitthvað naud synlegt, að hver einstaklingur, eða sem flestir, leggi stund á að vanda málið, því að þó nokkrir góðir menn geri sjer allt far um að tegra það og fullkomna, þá ner það skamt, ef alþýða manna er skeitingarlaus í því efni. Kaupstaðarbúarnir ganga auðvitað á undan í því, að spilla móðurmálinu.

Jeg hvorki get nje þarf að telja upp allar þær málleysur og útlendu orðskrípi, sem menn almennt nota. Allaftast eru slíkir vanskapningar með dönskum hans og þar við er svo skrítt hálf-íslenskt skrott, eins og til að gera þá ögn þægilegri í sambúðinni.

Því miður finnst einnig ratmalega mikið í sveitunum af slíku tagi. Þegar t. d. Pjetur er svo skeitingarlaus að hann lætur sig litlu skipta hvaða málleysur hann notar og Páll hefir ekki naga þekkingu til að bera, til að sjá hvað rjett er eða rangt í því efni. Þá kemur Bjarni „lærður úr landsins skóla", hann batir grán ofaná svart og vill sýna lærdóm sinn og þekkingu, með því að bera á borð fyrir þá fráðingana fúlgu af þessum útlendu orðskrípum, sem oftast eru afbökuð, ef ekki alvillaus, og auðvitað verður mörgum einföldum á að taka þetta „ornamjöl" fyrir góða og gylda vöru, — og Árni, sem er að alast upp, þiggur sitt líkið af hverju þessu: Skeytingarleysinu, þekkingarleysinu og hjegómaskapnum, og er góður með að ala sín börn upp á því sama.

Meðferð móðurmálsins er þó góð og blessuð í sveitinni hjá því, sem gerist þegar komið er út á sjóinn. Það er nú reyndar nokkur bót í því efni, að þar eru sum íslensku orðin of löng til skjótrar notkunar, eða ekki til, en allt að einu er margt, sem ekki verður afsakað á neinn veg. Fullvel held jeg að mætti nota hjálpreyni fyrir „talíu", greipina fyrir „gaffal", siglutoje í stað „masturs" og dragreipi fyrir „fal". Einnig held jeg að mætti hjálpast með öldustokk fyrir „lunningu", skólborð í stað „skanskladis". — Neðan frá kjöl og efst upp á siglutoppa er hver hlutur klínd ur með hverskonar hrognamálsheitum. — Ennfremur hefi jeg heirt reikhásinn og eldavjelina nefnda þar slíkum aragrúa af málleysum, að það er ekki neitt þrifalegri blanda í málinu, en sótið í matnum og þykir það þó fullvont. Vest er þó, ef sjálfir formennirnir, sem þykjast vilja tala vel, eru háseturnum verri í slíku. Jafngott væri þeim að viðhafa Áttavitann, sem „kompásinn" og loftvogin getur eins vel dugað og „barometir", eða skyldi „melsýran" vera nokkuð mýkri í hendinni, en þáttaskingurinn.

Jeg hefi þá reynt að skrifa nokkur orð um „sjóðerni og móðurmál". Menn mega nú gera athugasemdir og leggja greinarkorn mitt út á hvern veg, sem þeir vilja,

Skjalasafn Ísafjarðar

jeg er reiðubúinn að veita því viðtöku.

Jeg óska og vona að ~~ósk~~ óskulðurinn og hin upprunalega kynslóð taki höndum saman til að varðveita þjóðerni vort og „elska málið undur fríða."

Þjóðernium þarf að lærast að „brjótast gegnum ís og gljóð, höggva sjer um hramm og klungur slóð, vilji hún vera þjóð, sem leggur líf og blóð, landsins inn í raktarsjóð," og þá mun enn þá sannast á landi og þjóð, sem skáldið syngur:
— „Eyjan þeirra í ægisblá, gat enginn í heiminum kúgað"

Onefndur.

Tveir vinir.

Einusinni hittust tveir vinir! Þá segir annar, „nú er langt síðan við höfum sjest."
— „Hvað segir þú mjer í fréttum," segir hinn. „Það er nú lítið," segir hann, „nema jeg hefi giftst síðan". „Það var nú gott," segir hinn. „Nokkuð svo gott, sem þú heldur," segir hann, „því að jeg hreppti kerlingarskratta." „Það var vont," segir hinn. „Nokkuð svo vont," sem þú heldur, „því jeg fjekk með henni tvöhundruð ríkisdali."
— „Það var nú gott," segir hinn.
— „Nokkuð svo gott, sem þú heldur," segir hann, „því húsið mitt brann með öllu, sem jeg átti." „O það var óttalegt tjón!" „Nokkuð svo óttalegt — tjón, sem þú heldur, því — kerlingarræfillinn brann þar inni líka."

Onefndur.

Ofugmæli.

Bóndi kom inn og sagði:
— „Nú er standið á hjenna, ~~gelm~~ gemlingarnir eru kamnir í — háðeigisstað, smalinn liggur í enginu, og sólin sefur í balanum."

Kerling kemur fram úr baðstofu og segir við vinnustúlkur sínar, „farið þið að setja upp pottinn og sjóða pillina." Sama kerling sagði, — „drengir farið að láta út sólina, lömbin eru kamin á skeggja."

Reikningsþraut.

Maður nokkur mætti hóp af betlurum. Hann hugsaði sjer að gefa hverjum þeirra 9 aura, en þá vantaði hann 32 —. Þá gaf hann hverjum þeirra 7 aura og átti þá eftir 24 aura. Hvað átti hann upphaflega og hvað margir voru — betlararnir? Óskað eftir ráðningum frá, sem flestum fjelagsmönnum, áður enn næsta blað kemur út.

Kristján Davíðsson
hefur skrifað.

Skjalasafn Ísafjarðar

„Fram"

3. tbl. | Núpi 15. jan. 1910. | 1. arg.

Skíðin.

Skíðin þekkja allir, og flestir kunna eitthvað að nota þau. En það eru ekki allir sem hafa gert sjer grein fyrir hve gagnleg þau eru. Þess vegna ætla jeg að segja nokkur orð um þau. En bið ykkur að fyrirgefa þótt það verði ekki eins merkilegt og við mætti búast eptir efninu.

Ísland er fjöllótt land og víða ógreitt yfirferðar. Það væri því næsta óskemmilegt, að fara langar ferðir á vetrum, þegar mikill snjór er á jörðinni.

Úr þeim vandræðum bæta skíðin, betur en allt annað

Þau eru gjört, að ganga á jafnsljettu og móti brekku, en renna sjálf undan brekkunni, svo að ekki þarf annað en að stýra þeim. Auk þess eru skíðaferðirnar með hinum bestu skemtunum, sem hjer eru iðkaðar. Þar auka áræði og snarræði. Það þarf áræði til að renna sjer niður háar brekkur og grýttar fjallshlíðar og snarræði, til að forðast steinana, þrátt skíðin minnka ekki ferðina þótt steinn sje á leiðinni, og þau beygja ekki heldur sjálf af leið. Það er því ekki gott, að vera lengi að hugsa sig um, hvernig hægt sje að forðast steinana.

Skíðin losa hugann við öll leiðindi, betur en nokkur önnur skemtun, sem jeg þekki. Það er eins og maðurinn sje laus við allt jarðneskt þegar hann þýtur niður snarbrattar fjallshlíðar.

Honum finst hann vera svo frjáls, að enginn bönd geti hept hann.

Fyrir nokkrum árum var mjög lítið um skíðaferðir. Menn gengu þá á þrúgum í stað skíða. En sem betur fer, hafa menn sjeð, að skíðin eru betri og hentugri og farið að nota þau.

Skíðaferðir eru nú óðum að farast í vöxt. Þó er til þau hjerað í landinu er varla þekkja skíði, en vonandi er, að þeim fækki óðum. Það sem mjer þykir helst vanta á að skíðaferðir sjeu eins og þær ættu að vera, er það, að kvenfólk tæki meiri þátt í þeim

það hefir gert hingaðtil, því það lítið, sem skíðaperðir hafa verið liðkaðar hefir það verið af karlmönnum. Það er því ósk mín, að sem flestir geti lekið þátt í skíðaperðum, og jeg vona, að áður en langt um líður verði ekki sá maður á Íslandi, sem ekki kunni eitthvað í því, að fara á skíðum.

Klaufi.

Lindin.

Það var haust. Morgunsólin hafði sent geislabrot inn um gluggan. Inn um löngu, mjóu gluggakistuna, er lá inn að glugganum. Það var eins og geislarnir væru að reyna að teygja sig, sem mest þeir mættu, innar og innar í kistuna og leita að einhverju innifyrir til að lýsa og verma. „Þú ert þá ekki enn komin út í góða veðrið", sagði gömul kona, sem lá í rúminu rjett á móti glugganum í herberginu, við litla sonardóttur sína. „Jeg hjelt að þú væri komin út jeg heyrði ekkert til þín". „Nei, amma mín, jeg hefi verið að horfa á gluggan hjerna. Fyrst, þegar jeg kom ofan, var hann svo frosin, að jeg gat ekki sjeð út, fyr en jeg var búin að þýða blett, svo jeg sæi hvort fuglarnir hefðu komið í matið, sem jeg fleygði út í dag. Þeir hafa ekki komið, það er heldur ekki von, það hefir verið svo ósköp kalt í nótt. Og nú eru líklega öll blómin dáin, þau hafa ekki þolað þennan mikla kulda. Elsku amma, mjer þykir svo mikið fyrir, ef þau eru öll horfin". „Jeg skal koma út með þjer í dag. Farðu ekki að gráta fyr en þú veist hvernig blómunum líður". Og gamla konan strauk litlu hendinni um vanga litlu stúlkunar, er kyssti hana brosandi.

„Nú get jeg komið út með þjer, litla vina", sagði gamla konan, þegar hún var búin að klæða sig. „Þessi kuldi hefir lagst svo undarlega í mig, að jeg er ekki fyrri á fótum. „Leiddu mig nú út að lindinni", sagði hún, jeg ætla, að sitja hjá henni, á meðan þú ferð, að vitja um blómin þín".

Svo gengu þau út, og ofan lindargötuna. „Ósköp er jeg nú orðin þreytt. Mjer fanst jeg varla ætla að komast hingað, það er eins og þetta kul, hafi hætt svo mikil áhrif á mig. Jeg er nú líka eins og hvert annað strá, sem rjett er að falla. Jeg er hrædd um að jeg þoli ekki þennan vetur, sem nú fer í hönd. Þó að blessuð sólin skíni á mig, þá er mjer samt kalt".

Um leið og hún sagði þetta, sá litla stúlkan nokkur tár falla niður kinnarnar á ömmu sinni. „Jeg þoli ekki að sjá

gráta, amma mín, jeg skal
purka tárin þín og þú mátt
ekki tala um, að þú munir
ekki þola vetrinn". Litla
stúlkan lagði höndurnar um
hálsinn á ömmu sinni, og tár-
in hrundu af fölu kinnunum.

Litla stúlkan fór burt en
kom aftur, eftir litinn tíma,
með nokkur visin blóm í hend-
inni. „Gáðu, amma mín,
eins og jeg vissi, hafa öll blóm-
in bráð í nótt". Og fögur tár
fjellu niður á visnu blómin.

„Grátttu ekki, elsku barn,
blómin voru farin að fölna,
af því að hausið var komið,
svo þau þoldu ekki meiri
kulda en þennan í nótt.

Þau fölnuðu, að eins til að skýra
ást jegri líning. Það er ekki
annað en það, sem kuldinn
náði til, sem horfið er. Rótin
geima lífið og upp af henni
rísa þau aftur með vorinu, þeg-
ar guð sendir geisla sólina og
döggina. Verðu glöð, þú færð að
sjá blómin þín aftur. Geymdu
hjerna hjá mjer, jeg ætla að segja
þjer nokkuð.

Þegar þú varst farin, lauk
jeg niður að lindinni og sá
grá hárið og hrukkótta and-
litið á mjer speigla sig í henni,
og það var eins og hún væri að
segja við mig: Gáðu hve hrein
og tær jeg er, ef þú hefðir ver-
ið eins hrein og jeg, og átt eins
hraust hjarta og fjallið þarna,
sem er hjarta mitt, þá hefðir
þú ekki verið orðin svona. Jeg
þarf ekki, að kvíða vetrinum,
þó hann blási. Sendu til mín
ef þig fyrstir, jeg skal svala
þjer, jeg svala öllum, sem
vilja þá svölun hjá mjer, því
jeg þrýs aldrei.

O, sæta svalandi lind!
oft hefi jeg fengið svölun hjá
þjer, en aldrei hefir þú svalað
mjer eins og nú. Hvað er þá
að spinbera mjer? Jeg skil þig
nú. Þú ert að mynna mig á
þann er átti eins traust hjarta
og þú, jeg kvíði nú ekki, verðu
sæl, blessuð svalandi lind, jeg
sje þig ekki aftur, lind kær-
leikans biður mín. Elskaða
barn, þú þarft ekki að vera
svona hrygg, jeg hefi beðið lind
kærleikans að svala hjarta
þínu, og ef þú átlar að falla,
þá treiðu því, að armur hans
er nógu sterkur til að styðja
þig. Líttu á þessa lind, sem
alt þolir, láttu hana vera þjer
fyrirmynd. Það er fjallið sem
ekki bifast, hjarta hennar, sem
býr hana þannig úr. Flýttu
mig nú heim aftur elskan mín,
-og gamla konan stóð á fætur,
„nú er jeg glöð. Eins og þú
færð að sjá blómin þín aftur
að vorinu, þar þú að sjá mig
aftur á vorri (morgni) tilveru.

Nú erum við komnar heim,
jeg þarf að hvíla mig. Farðu
að leika þjer með hinum börn-

Skjalasafn Ísafjarðar

"Fram" blað blinds

"Fram"

unnum. Látið ykkur falla vel, og látið rós karleikans og gleðinnar brosa við ykkur. En vilji hún skreina og blikna, þá farið hana að lind karleikans, sem best svalar henni".

Veturinn var liðinn. Sólin dreifði fögrum morgungeislum um lún og engi. Öll jörðin var nú klædd fögru sumarskrúði. Blómin voru sem óðast að springa út. Lísla stúlkan sat við sama gluggan og um haustið. Morgungeislarnir léku nú um rósrauðu vangana. Nokkrir fiðlar, er vaxið höfðu upp úr moðinu, því um haustið, breiddu út fögru grænu blöðin sín. Döggin, er svalaði þeim, glitraði létt og liðlega í sólarljósinu um leið og hún fell niður. „O, elsku litlu fiðlar, jeg var rjett áðan, að hugsa um, að setja ykkur á leiðið hennar ömmu minnar um leið og jeg kæmi til kirkjunnar í dag, en jeg get ekki sjeð ykkur falla svo fljótt. Standið hjer kyrrir og gleðjið mig". Það var fleira sem vakti tilfinningar þeman hátíðlega hvítasunnudag. Engin gáði að því, þó að ein lítil stúlka gengi út, enginn fylgdi henni. Bak við kirkjuna var nýlega leiði, þar staðnæmdist hún og kraup niður yfirkomin af söknaðartilfinningu. „O hjartans amma mín! ef þú heyrir nú ljúað hjá mjer, hvað jeg hefði þá verið sæl, þá hefðu ekki tárin mín fallið svona ört á þessa mold. Guð minn góður! þú, sem hefir skapað þau og skilur hvað þau þýða, láttu þann kraft, sem knýr þau svona ört fram, vekja hana, sem hjer er hulin, svo jeg fái að sjá hanna aptur, eins og jeg hefi fengið að lýta litlu blómin". – Hljómur kirkjuklukknanna þrengdi sjer í gegn um hverja taug, og þar með sjer þungt andvarp langt inn í geiminn.

Maður iðrast aldrei þessa:

Að útleggja orð og gerðir annara til hins besta.

Að halda stið loforð sín.

Að loka eyrunum fyrir baktali.

Að sýna hluttekningu í bágindum annara.

Að hugsa áður en maður talar eða framkvæmir.

Að maður trúi á hið góða í mönnunum.

Ráðning á veiknisþrautinni í síðasta bl.

Mennirnir voru 28. hann átti því upphaflega 2 kr 20 au.

Gáta.

Hvað er það sem dauðir menn eta, en mundi verða lífandi mönnum að bana ef það þeir ætu það.

Ritnefnd

Friðrik Benonisson

Hallbjörg Guðjónsd. Margrjet Jónsd.

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

5 tbl. Núpi 8 feb 1910 1 arg

Systurnar.

Á æskuskeiðinu eru menn næmastir fyrir áhrifum, og þess vegna er naudsinlegt fyrir að vera vönd að vali vina kunninga.

Ég hefi heirt nefndar þrjár systur, sem við þurfum vera hagir að vikka allan öll að reina gera að vinum okkar, þar heita: „Iðjusemi Reglusemi og sparsemi!"

Því miður þekki ég þar ekki nema af afspurn, en mig langar til að kinnast þeim, ég hefi sjed hvað þær eru góðar vinum sínum.

Við vitum víst öll hvað þar heita.

Iðjusemi veitir ánægju, hvetur burt lífsleiðindi og þunglindi — Reglusemi gjerir menn áreiðanlega og sjálfstæða, prýðir heimilin, gerir þau friðsöm og aðlaðandi. — Sparsemi gerir menn hrausta og veitir oft þá ánægju að geta fremur verið veitandi en þurfandi.

Við þurfum því að fá þessar systur til að vinna með okkur, og það sem fyrst. Það ómögulegt að reikna út hvað það er mikill skaði að vera án þeirra, bæði fyrir sjálfa, fóðurlandið okkar, og alt þjóðfjelagið í heild sinni.

Það er eðli mannsins að skarpa eitthvað, og jafnvel þeir sem eru taldir iðjulausir gera þó eitthvað, en oft er það miður heppilig vinna, bygg ég að það í iðni ekki gjetts á metaskálunum.

Eða væri ekki þörf að iðrima dáðleysi af öllum þeim hjegóma sem nútímanum finst hann ekki geta verið án.

Kvenfólkið heimtar jafnrjetti, og það á heimtíng á að fá það, því að jafnrjettið átti alstaðar að vera, en sinn leið er hagst að þörf að á að bjóða af sjer óreglu sem leiðir af óreglunni. Sama er að segja um karlmennina þeim finst sumum að þeir megi ómögulega missa þessi gömlu sjergjettindi, sem þeir hafa tekið sjer, og sem þeim finst forsjónin hafa ætlað sjer yfir kvenfólkinu

en vari ekki rjett að ~~þá~~ reina að þá betri yfirráð yfir sjálfum sjer, og venja sig á stjórnsemi reglu og sparsemi, þegar búið er að venja sig á það, þá er mikið unnið og þá verður framtíðin fyrst „frjáls og hraust," þá getum við unnið fyrir föðurlandið, og helgað því alla krafta okkur. Jeg vil óska að okkur takist að gera systurnar að vinum okkar, þá þar til að vinna í fjelagi við okkur, en rekka burt ystjórnleisi óreglu og eiðslusemi

—"—

Skriði Ulfurinn.

Það var búið að gifta hana Katrínu Ríkarðsdóttir. Brúðkaupið stóð í Litlónaþorpi með mikilli viðhöfn og gleði. Fjöldi fóls sótti veislurna sín öllum áttum. En sökum þess, að nú var ~~frá~~ vetur og vegirnir ísalög mikil, komu flestir gestirnir á sleðum.

Veislan stóð í tvo daga. Á þriðja degi bjuggust menn til brottferðar glaðir og hugreifir að miðinum, skemtuninni, söngnum og dansinum.

Brúðfólkið hjelt á stað á sama hópnum. Kvenfólkið hagræddi sjer á sleðunum og hlúði að sjer eftir föngum, því að veður var frostharkt og andkalt. Ökumaðurinn sat á sæti sínu, greip taumana, sveiflaði svipunni, sló á klárana svo að gall við og þeysti af stað yfir vegalausa, frostharða mjallbreiðurnar. Gönguskíðafæri lagðist upp umhverfis sleðana á andlitið þeim, sem á sátu, og hestarnir puðu áfram sprengmóðir og löðursveittir.

Þeir bræður frá Þorpinu Hvarf urðu samferða. Það voru fimm rakkir heim til þeirra. Þeir hjetu: Alexeis, Vasili og Ivan.

Veðrið var gjörandi fagurt, en afar kalt. Það marraði í hjarninu undir hófum gæðinganna og sleðameiðunum. Öðru hverju heyrðist þungir dynkir og frostbrestir, þegar ekið var eftir ísnum á fjörunum og stöðuvötnunum.

Sleðum miðaði nú dyrjunum, enda var hreinviðri og blálogn. Sleði Ivans fór síðastur. Hann sat hljóður og hafði lagt hendurnar á hné sjer, og virti fyrir sjer sólina. Þau voru eins og þau ætlu að sjer.

En nú kendi hann gigtar í vinstri öxlinni, og það var honum jafnan fyrir veðurbreytingu.

Þeir hjeldu nú áfram. En, er þeir höfðu farið

Skjalasafn Ísafjarðar

hver rastir, þegar hann augaði á skyhnoðra sitt við sjóndeildarhringinn beint yfir skóginum. Hann gjet það eigi á sig fá, því að hann bjóst við að verða kominn heim fyrir rökkrið, ef förin gengi slysalaust. En ef hann fór að brjóta í byl ---! Hann þekti vel, að gráðugir og glorhungraðir úlfar væru á flakki nesskjólunum. Hann hafði að vísu eigi orðið var neinna þá, en þeir vóru þar einhversstaðar á slæðingi. Það lagðist í hann eins og illviðrið. Hann þuklaði eftir skotskyldinni sinni. Honum varð hughægra. Það var með kyrrum skjóðum spenntum hann hélt leiðar sinnar og ekkert bar til tíðinda. Skýbólstrunum fjölgaði nú óðum breiddust óðfluga yfir loftið. Mannskaða veður var vafalaust í aðsigi.

Hann herti nú ákafann og hestarnir þöndu sig undir sprengi.

Blindhríð var skollin á kl 1. Hálfri stundu síðar urðu þeir Ívan og förunautar hans, viðskila við dagsmenn sína. Bylurinn hafði hrakið þá frá þeim. Veðrið stóð í fangið með frammferga og frosti. Vindgnýrinn var svo mikill, að þeir heyrðu varla hver til annars, þó örskamt væru á milli þeirra. Dimmviðrið var glórulaust með öllu og um kl 3 hlaut að vera komið nóða myrkur.

Fjeldarmaðurinn stöðvaði sleðann. „Hjerna á meginn vjer eigi að leita fyrir berast" mælti Ívan.

„Jeg veit eigi hvert á að stefna, húsbóndi góður" svaraði ökumaðurinn.

„Hvert á að stefna?" „Við verðum að halda undan veðrinu, og svo skulum vjer halda á stað í drottins nafni"

Eftir fjórðungsstundar för sleðinn á hliðina, hestarnir námu staðar og hjesu mæðunni. Ívan og förunautar hans ausu á kaf í fönnina. Þeir komu brátt á fætur aftur og fengu rjett við sleðann.

Hann var heill og þeir fundu á stað aftur. Veðrið tók nú að leggja.

Ökumaðurinn tók nú eftir því að hestarnir tóku nú alls í einn að ákyrrast. Þeir lögðu kollhúfur í sí fellu, snjóluðu ag kipru í sí fellu öðru hvoru.

Ívan þótzist nú viss, hvað væri á seiði. „Húsbóndi góður" mælti skillinn

Ivan.

„Þetta er ekki einleikið"
„Þekkir hungrakurr" varð
Ivan, „nú grunar mig hvað
er í aðsigi." „Ullar" í maka
skillinn. „Já, en ég hvíti
engu meðan ég hef byss-
una mína; ég hef aldrei
misst þess, er ég hefi skotið
til", sagði Ivan einbeitt-
lega.

Hvalir.

Um [illegible] lagi Gekk
en líki sveinninn stóð
þá einn og hverg undan vjek,
þá ásjóst, silkiljóst gljóð.
Þar stóð hann Garður fagurfjalls,
sem fylkir hafs og landa,—
það vann skaumar Þruna og hals
sem brimann í aðdjúna hafs.

Hann vildi hvergi hopa þrá,
unz hitti fóður sinn;
en nær hann lá með brostna
og brimuðum herklæðum.
Hann upp hátt: „Nær er svo heitt,
Ó, elsku pabbi minn"!
En ekki heyrði hróp hans neitt
sína hnigni foringjann.

„Ó, má ég ekki fara frá,
minn faðir bjartasker?"
Því gengdi skotin hvell og há,
og hóf sig loginn nær.
Hann fann hans anda á enni sjer,
er gjós lopka hann strauk.
Á dauðans varðstöð dapurt er
þar drifa af gneistum fauk.

Hann hrópaði en þá hátt og snjallt:
„Ó, heyrðu faðir, minn!
má ég nú fara?" — En gjósalt
þá addi hálfgjóðin.
Á flæyið loga-leyptrum slá
á loga fánann stóð,—
á varðstöð sinni sveinninn dó
með sönnu þreku og ró.

Það hvað við þruna heljar há.
En — hvar drengurinn?
Ó, sjáðu stormsinn, sem um sjá
ber sorg og náhljóðin. —
Hann svelgdi þarna sjeikers flak
hvert siglutje og streng.
En sárast var að sjá á bak
þeim sanna góða dreng.

—"—

Casabianca (svo hjet drengurinn sem þá á skipinu) var sonur sjóliðsforingans á herskipinu „L'Orient" og með föður sínum í orustunni við Nil, [illegible] hans bað hann að gæta skipsins, meðan hann gengi frá að sega fyrir. Sjóliðsforinginn fjell skömmu síðar, en drengurinn sá það ekki fyrir reyknum. Skipið tók brátt að loga og skipverjar hlupu í bátana til að bjarga sjer. Drengurinn var beðinn að koma, en hann vildi ekki áhlýðnast föður sínum, heldur beið eftir leyfi hans og brann með skipinu.

Gátur

1. Hverjir hafa fæðst og aldrei dáið? 2. Hnöttótt sem egg, en alveg eins langt og upp fyrir bá

„Fram"

7 tbl. | Núpi 9 mars '10 | 1 árg.

Vegamót.

Líf mannsins frá vöggunni til grafarinnar, er oft líkt við vegferð, og er það að mörgu leyti vel tilfundin samlíking.

Á meðan maðurinn er á barnsaldrinum, hefir hann venjulega minna að segja af þessari götu, sem hann þó gengur, því hinir eldri, foreldrar eða aðrir leiða hann oftast, og reyna að bægja þeim torfærum af veginum, sem olli eru þar, og greiða götuna sem best.

Oft er þessu þannig varið en aftur á móti eru þó margar undantekningar, því margir verða, svo að segja, þegar þeir eru komnir úr vöggunni, að ganga veginn einir síns liðs og fáir eru, sem vara þá við hættunum, eða velta steinunum úr götu þeirra.

Vegur þessarra manna verður þó oft engu örðugri yfirferðar, eftir nokkrar dagleiðir, en hinna sem notið hafa samfylgdar og leiðsögu, því baráttan og erfiðleikarnir, sem mæta þeim veita þeim oft þroskaseiggju, sjálfstæði, styrkja viljann og vekja oft skarpskyggni á mörgu nytsömu og góðu.

Hinir, sem oft lítil vilja eru fleiri, er eiga því láni að fagna, að fá góða leiðbeiningu, meðan þeir eru að kynnast veginum, verða þó oftast einhvernveginn, að vera án hennar, og halda áfram einir síns liðs, því þá getur vegur þeirra venjulegast ekki orðið öðrum sami, ef til vill, hafa hinir eldri þá komist veginn á enda, eða hinir yngri vilja þá fara annan. Það má með rjettu segja, að maðurinn standi á vegamótum, þegar hann einn síns liðs með bernskuárin að baki sjer, leggur fyrir alvöru út á lífsbrautina. Hann stendur á vegamótum þar sem ótal vegir liggja í ýmsar áttir. Einhverja götuna verður hann að halda.

Mörgum verður mikið að hugsa um, hverja götuna best muni að fara og vildast skoðanir þeirra vera skiftar, því margir vilja helst halda þann veginn, sem er greiðfærastur og erfiðleikaminstur. Aðrir hugsa um að halda annan, sem ekki er eins greiðfær, í von um að þegar þeir hafa náð takmarkinu, að geta litið aftur sigri hrósandi, vitandi þess, að hafa valið þann rjetta. Jeg hygg, að þeir, sem þannig breyta, þurfi aldrei að iðrast ásetnings síns, því ef hann er einbeittur, geta þeir

óhvíðnir haldið áfram að taka-
markinu, hvort sem vegurinn
verður langur eða stuttur, og hvað
aðra til samfylgdar, sem ef
til vill, vilja snúa aftur eða
vanka þrek til að halda
áfram.

Ég ætla ekki að hafa þessa-
ar línur lengri. Ég bið afsök-
unar á að eyða rúmi í blaðinu
fyrir þær, því ég finn, að ég
hefi reist mjer hurðarás um
öxl, með því að skrifa um þetta
efni, sem hefði miklu fremur
átt við fleiri og vel valdari
orð, en ég er maður til að lása
af hendi, þótt ég feginn vildi.

D.

Hugsjónir.

Af því að þetta verður
síðasta blaðið okkar í vetur,
þá langar mig til að senda
ykkur þessi orð, um leið
og ég þakka ykkur fyrir
samveruna.

Þá hugsjónir fæðast fer hita-
magn umönd,
þá hugsjónir vakast fer þrumu-
veðrið um lönd.
Því gat þess vel, sem göfgast
hjá þjer finst,
og gladdur vel þann neista,
sem liggur inst.

Að lifa auðugu hugsjóna
lífi, er einkarjettindi, sem
ekki er unt að svipta. Sjer-
hver mannssál á auðsuppv-
sprettur, miklu fleiri en hún
geir sjer í hugarlund. Þær auðs-
uppsprettur verða auðugri og auð-
ugri, eftir því, sem meira er af
þeim ausið. Þar um eins og hljóð-
færi, sem leikið getur fegurri og
fegurri lög. Enginn hefir einn heyrt
hæstu tónana, því fleslir láta sjer
nægja, að leikna á lægstu nótunar.
Allur tónstigann fyrir ofan önnur-
aður.

Að lauga sig í fögrum og göð-
um hugsjónum, bæði þeim, sem
koma upp frá eigin brjósti, og þeim
sem koma utanað frá öðrum, er
lífsins hreinasti fögnuður.

Að skifta hugsjónum við aðra
menn, örfar og margfaldar vorar
eigin. Að lesa góðar bækur og til
einkra sjer efni þeirra, veitir hvej-
um manni auðlegð og fögnuð.

Dulin og geyma öfl í sálum
vorum, líkna eins og fangar úr
búri, er sjer læsum þessa.

Að elska fjöna og gefa, enn
lyklar að sönnustu auðlegð lífs-
ins. Sjer eigum þessa lykla sjálfa,
ef sjer að eins viljum nota þá.

Ástkan er fögur, vegna þess
hve óbilandi trú hún hefir á
lífinu og mönnunum. Henni
finst ekki alt ófugt, sem verið er
að hugsa í heiminum. En eina
lífið er að skilja þar hugsjónir
og lilleinka sjer þar bestu. En
það er ekki nóg að hugsa svo
meðan sjer enum ungir. Það er
ekki nóg að skilja heiminn
og helstu hugsjónir leiðloganna á
heiminum. Vjer verðum að gera
meira. Vjer verðum að breyta

eftir þeim. Lífið er hreyfing; sú hreyfing er bygná hörð. Um fram allt verðum vjer að temja oss, að vera sjálfstæðir í hugsunum og verkum, og láta skoðanir vorar óhik- að í ljós, svo framarlega sem vjer höfum á vjettu að standa, og koma svo fram, að vjer verðum öðrum til fyrirmyndar.

Svo enda jeg þessar fáu línur og bið ykkur, kæru skólasystkini, að taka viljann fyrir verkið. Jeg er hrædd um, að þið skilj- ið mig ekki.

Nanna.

Auðlegð.

Flesta langar til að verða ríkir, og þeir reyna að afla sjer, sem mestra peninga, þótt það kosti þá mikla fyrirhöfn og áhyggjur, því peninga- löngunin verður svo rík hjá sumum, að hún verður beinlínis ástríða. En hvað verður svo af peningun- um, þegar þeir eru fengn- ir? Þeim er eitt fyrir einhverjum óparfa eða þeir eru geymdir á kistubotn- inum, hjá þeim mönn- um, sem kallaðir eru mammapúkar, svo að þeir koma aldrei að notum.

Og það, sem sárast er, er það að þess- ir menn eru með mestu í heimin- um. Það er borin svo mikil virðing fyrir þá ríku, hvað lítið sem varið er í þá sjálfa. Og oft er auður þeirra annaðhvort gjöf frá öðrum eða arfur.

Þessi auðlegð er svo lítils virð, að það er mesta furða, að nokkur skuli geta lifað við henni. Þá sækjast margir eftir henni, og verja til þess mikils af kröftum sínum. En sú auðlegð, sem er mikils verð og allir geta veitt sjer, er lítils virði og einskis metin og jafnvel troðið upp á hana. (En sú auðlegð, sem í samleika er mikils verð, og allir geta veitt sjer, er lítils virði og einsk- is metin. Ósatt.) Þessi auðlegð er kærleikurinn. Kærleikurinn, sem er svo ógnar lítið af í heiminum. Þessi gulni gimsteinn, sem hjörtu manna- anna eru svo fátæk af, og sem þau sækjast svo lítið eftir að ná.

Þetta er einmitt sú auðlegð, sem við, kæru skólasystkini, ættum að reyna að afla okkur og ekki verður frá okkur tekin. Hún er meira virði en peningar, því að:

„Sá á mest af sönnum auð,
sem á mestann kærleikann.
Sá er mestur, sem er bestur,
samanlega það er hann."

N. K.

Nokkur orð til fjelagsins frá „Fram."

Það er siður allra góðra manna, að þakka fyrir sig og kveðja, áður en þeir fara þaðan, sem þeir hafa einn- sinni komið, og þá ekki síður, hafi

„Fram"

1. tbl. | Núpi 21. okt. 1910 | 2. árg.

Nokkur orð frá „Fram."

Fram heiti jeg, eins og þið vitið; nú kem jeg aftur fram á sjónarsviðið, jeg þakka kærlega fyrir framförslu mína í fyrra, og vona að hún hafi borgað sig, ekki orðið alveg árangurslaus, og eins sama óska jeg nú, að jeg verði eins fullkominn og mögulegleikar leyfa.

Eins og nafn mitt bendir til, er mjer ætlað að stefna fram, vinna að því að verða fullkominn, jeg er í æsku enn þá, en byrjunin er góð, og áframhaldið verður ennþá betra; og einhverntíma get eg með gleði sagt, að jeg hafi duglega þokað mjer fram, í áttina að fullkomnunartakmarki minu, og jeg sje búinn að ná því.

En hvernig get eg þetta? Það get eg ekki hjálparlaust, nei! langt frá það þarf að vera umhyggju fyrir mjer eins og hverju öðru barni, það þarf að gefa mjer góð og gagnleg fót, og undir þeim er all komið öll min framför og nytsemi.

Fyrirhöpin fyrir mjer mun borga sig; hún mun veita ykkur gleði og ánægju, og afa ykkur í að lækka hugsanir ykkar í Gósi, með skipulegum orðum, og einnig mun hún æfa ykkur í að segja það sem þið haldið satt og rjett og þoka ykkur að því takmarki að vera eins fullkominn og hægt er. Með þessum hugleiðingum legg jeg glaður á stað, og framtíðin blasir við mjer björt og hýr, og jeg vona að búningur minn verði napi minna samboðinn, svo jeg geti sýnt hvað einlægur vilji og góð ástundan getur orkað.

IIIII—IIIII=III

Að segja ætíð satt.

Sannleikurinn er sitt hið fegursta og tignarmesta hnoss fjársins, það er mikið undir því komið að segja satt, ósannindin leiða böl og ófarsæld yfir hvern, sem viðhefur þau.

Það er góðt fyrir börn að venja sig á að skrökva, það hefir illar afleiðingar fyr eða síðar; þó ósannindin komi manni undan um stundarsakir hjá rjettlátri reiðingu, þá kemst það, sem maður hefir orðið á, ef sagt er frá því í tíma.

Mjer dettur í hug smásaga ein, sem jeg las; eigi als fyrir löngu, og er hún þannig: Maður nokkur sendi son sinn með bæjef á pósthús, þar í grendinni, hann áminnti drenginn um að gá að bæjefinu, en þegar drengurinn er kominn nokkuð á leið, mætir hann leikbræðrum sínum, sem voru að leika sjer; hann stansaði og horfði á leikinn um stund, en svo á endanum var hann farinn að fljúgast á við einn drenginn; og þegar hann hafði

Skjalasafn Ísafjarðar

var hann ordinn óhreinn og blautur, og bréfið, sem hann var með í vasa sínum, hafði dottið ofan í bleytuna og var alls rifið og forugt svo ómögulegt var að lesa það.

Drengurinn skammaðist sín nú fyrir ótrúmenskuna, en þorði ekki að segja frá því, sem honum hafði orðið á, svo þegar hann kom heim sagðist hann hafa farið með bréfið á póstkúsið.

Faðir hans bráði honum en hjarta drengsins barðist þegar hann stóð frammi fyrir föður sínum með ósannindi á vörunum.

Eftir mánuð átti svarið að vera komið upp á bréfið, og fór þá faðir hans mjög á hestajúfullur til póstkússins, en þeir sögðu, sem von var að þangað hefði ekkert bréf komið, hann spurði þá drenginn hvort hann hefði ekki skilað bréfinu, en drengurinn sagði já, og vildi als eigi kannast við annað, en svo á endanum varð hann að játa hið sanna, og hvé mjög ýtraðist hann nú ósannsögli sínar, þegar hann fjekk að vita að eldri bróðir hans var að sækja um stöðu hjá manni nokrum sem þurfti aðstoðardrengs við, og bréfið var um það, en nú var það orðið of seint, annar drengur hafði hann sagt frá því undireins, þá hafði verið hægt að bæta úr því.

Faðir hans þorði ekki að bíða honum lengur eftir þetta, af því að hann hafði sagt ósatt.

Þannig er þá sagan, hún er vottur þess hvað ósannsöglin hefur í för með sjer, það er ekki lítið vanið í að segja allaf satt, hvað sem það er sem segja á þá, það getur verið meira umvert en maður heldur, og ósannsöglin bakar manni ofarsæld og forbryggræi þeira, sem verða fyrir henni, og gapn vek öðrum, og setur ljóðan blett á mannorð vort.

Verðu í lunguni brún, bryggur og hreinn í lund, hugsaðu um það þýr sveinn á hverri stund.

Talur.

Þú unglingur settu þjer háleitt mark og mið og geimdu þjer í hjarta guðlegan frið.

Fyrst þegar unglinginn fer að hugsa um framtíð sína, verður það oftast eitthvað takmarka, sem hann sjer langt, langt í burtu og fær löngum til að ná, hann fær óska og vona að bergast fyrir, sem hann helgar líði sínu; hann fer að læra að nota krafta sína.

Skjalasafn Ísafjarðar

Sjálfstæðis þráin vaknar í, brjósti hans og framsóknar þráin um leið.

Hann fær í fám orðum sagt hugsjón að berjast fyrir.

En þessar hugsjónir eru, því miður, mjög misjafnar.

Og oft kemur það fyrir að hjá sumum eru þær í öfuga átt við það, sem þær eiga að vera.

Eða - öllu heldur að blettur er á hugsjóninni, jeg veit ekki hvert það á sjer stað hjá nokkrum okkar.

En ef hann skildi vera, viljið þá ekki taka saman höndum með mjer, og því hann burtu, hreina hugsjónin og fága, þar til hún er orðin hrein og fagurgljáandi.—

Og við skulum gera meira, við skulum gæta vandlega að því eftirleiðis, að óhreinindin nái aldrei að saurga hana, jafnvel þótt við í lengri eða skemri tíma sjeum neidd til að vaða í flóði óhreinindanna og mótlætissins.

Það er satt að: sé takmarkið hátt, þá er allaf örðugt fyrir, — en.. sje merkið hreint, sem hátt og djarft þá ber sný hindrun sjer hver aftur, sem mætir þjer!

Hugsum því og stefnum fram. „Fram með þor í barm og þrek í arm". „Fram með alt, sem eflir og örfar hug og mál, og leikum oss með lífi og sál við lag og stál". „Fram með unn og fram með alla, fram til starfs og bræðralags. Áfram vinna eða falla unn er leið til fagnaðarhags". „Fram stöndum þjett, fram stefnum sjett, já stefnum fram."

Ef til vill finst yfkur of mörg fram.

—En þá get jeg ekki látið vera að enda með fram. Fram.

Hulda.

Makill munur.

Einu sinni var maður á ferð í ókunnu kaupstaðarþorpi, og er hann hafði lokið erindum sínum, fór hann að svipast eftir hestinum sá, að hann var horfinn; þá kom hann auga á lítin dreng, er var að leika sjer.

„Hefur þú ekki sjeð hann Skjóna minn, drengur", sagði maðurinn. „Jú", svaraði drengurinn og gekk til hans. „Hann hvarf ofan fyrir húsið þarna, jeg skal sækja hann möggvast fyrir yður". Að svo mæltu hljóp drengurinn af stað og kom að vörmu spori aftur með hestinn. „Hjer er nú hesturinn yðar", sagði drengurinn, „hann er gömandi fallegur".

„Já", svaraði maðurinn, „jeg þakka

þjer kærlega fyrir; en hvað heitir þú, drengur minn?"
„Gunnar Jónsson" svaraði hann.
„Það er svo," svaraði maðurinn og tók tvö aura úr vasa sínum og fjekk drengnum.
Fyrirgefðu, Gunnar litli, eg hef ekki meira til að borga með greiðvikni þína og kurteisi."
„Þakka yður kærlega fyrir," mælti drengurinn mjög glaður, og að svo mæltu kvöddust þeir.
Að 10 árum liðnum var sami maðurinn aftur á ferð í þessum kaupstað; hann sá hóp af piltum vera að spjalla saman.
Hann vekur þá að einum og mælti: „Hvað heitið þjer piltur minn?" „Gunnar Jónsson," svaraði hinn mjög dramblega. „Einmitt það," svaraði maðurinn, „jeg hefi sjeð yður þegar þjer voruð drengur; munið þjer ekki þegar þjer sóttuð hestinn fyrir mig forðum?" „Ekki jeg hefi nú aldrei bókað það hjá mjer," mælti maðurinn, svaraði Gunnar og glotti til fjelaga sinna.
„Það getur nú vel enð," mælti maðurinn, „en viljið þjer nú ekki lofa mjer að borga yður betur, það sem þjer sóttuð fyrir mig hestinn, því nú hefi jeg meiri peninga en þá."
Hann rjetti Gunnar tuegga krónu peninga, en Gunnar svaraði honum með miklum þjósti, að hann væri enginn gjafaþurfi, og rjeðst yfir um leið á burt með fjelögum sínum og hló háðnislega.
Maðurinn sló eftir og horfði á eftir þeim.
Fyrir 10 árum hafði litli drengurinn með greiðvikni sinni og hóvært vakið gleði ánægju í huga hans, en nú sá hann sig orðinn mikinn mann; hann var hættur að vera barn og í viðmót hans og andsvör skildu eftir sorg og tómleik hjá manninum, sem hafði komið til hans glaður og í góðum tilgangi.—
Gleði býr hjá þeim, sem eru hógværir og af hjarta lítillátir.

Smávegis.

Heilræði til unglinganna.

Verðu ástu þinni svo vel, að þú megir minnast hennar með fögnuði þegar hún er liðin, en ekki með sorg og andvörpum.—Meðan þú ert ungur, finst þjer ástin þín aldrei muni líða; en þú munt sjá, að jafnvel hinn feingsti dagur líður að kveldi, og að þú átt hann að sins einusinni, að hann kemur aldrei aftur.

Ritnefnd
Guðmundur Guðmundsson Jóna Jónsdóttir
og Sigurður Jóhannesson.

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

II. árg. | Núpi 8. desember 1910 | NR. 2

Samúð.

Heimilin eru þar staðir, sem fjölskyldunum hvílir á, þar þarf að kreysta sem best. Það sýnist kannske ekki gera mikið til með hvern einstakan, því: Hvað má hendin ein? En þegar við athugum betur sjáum við að hvert heimili, hver fjölskyldumeðlimur hefir starfsvið, - viðkomandi sýnast þau misjafnlega stór- en það er [illegible] starfað, heldur en hvert starfsvið er stórt eða lítið. Þess vegna má engum draga sig í hlé, allir verða að nota krafta sína, eins og þeir best geta, svo heimilin verði fögur og uppbyggileg. Það þarf að efla samúðina á heimilinum, hún er eitt það göfugasta í mannsálinni. og Samúðarkelfingin er mesta heimilisprýði sem hægt er að fá, þar sem hana vantar, getur aldrei orðið góð samvinna, en: „Margar hendur vinna létt verk". Það má ekki vera svo að einn rífi niður það sem annar byggir. Eflum því samúðina og kærleikann á heimilinum okkar, svo að hver og einn finni að umhyggð hvílir á honum, að hann hefir pund, sem honum ber að láta ávaxtast, og krafta sem hann hefir ánægju af að fórna fóðurlandinu.

Ég vildi óska að samúðartilfinningin yrði sem fyrst svo mikil hjá íslenskri fjölskyldu, að hún gleymdi ættardrambinu og stéttarangnum, sem mjer finst bera töluvert á, en sem er – í mínum augum að minsta kosti – fyrirlitlegt. Mörg dæmi veit ég þess að húsbændur líta smáu augum á fólk sökum þess að það er í vinnu hjá sjer. Það leiðir til þess að vinnuhjúum finst það engu [illegible] líta við sjer, [illegible] ur illa við stöðuna, og vill heldur enga með sig sjálfa. Við sjáum öll afleiðingarnar. Allir þjóðast að sjónum, í sjávarþorpin, til aðgerðar þar lausamenn og lausakonur og þurfa ekki að vera vinnuhjú.

Reynum því öll systkin góð að fara þetta í lag, eflum samúðina, munum altaf eftir því að þótt einhver sýnist lítilfjörleg, þá hefir hann sál og krafta, og við megum enga krafta missa, kennum honum heldur að nota þá.

Guðrí.

Fjelagsskapur og samvinna.

Menningin hafa mikið samband við hvern annan að skilja, og með vaxandi menningu hafa

Skjalasafn Ísafjarðar

þeir betur og betur sjeð að það er einmitt nauðsynlegast af öllu, til þess að þjóðfjelagið og hver einstakur geti lifað framförum, og með meiri kröftum kept að einhverju ákveðnu takmarki. „Betur sjá augu en auga", segir málshátturinn. Það sem einn sáckki, tók einhver annar af þeim aftur eftir að betur mátti para, og vann öðrum fjelagsmönnum og sjálfum sjer hagnað með því. Allir sem eitthvað vinna, finna munum: að vinna einir eða með öðrum fleirum, þar sem allir eru samtaka að vinna verkið. En það er líka eitthvað annað sem maðurinn finnur gott við það að [illegible] vinna sjer við verkið, þaðan af sem [illegible] af öðrum. Undantekningar eru frá þessu efni, eins og svo mörgu öðru, því misjafnir eru menn innir, bæði í verki og umgengni. Allir kannast við það að þeir sem eru óheilladrjúgir vinna erfiðlega, en samverkamenn þeirra kjóða þá oft ekki síður að þeir sjeu skemtilegir í samvinnunni. Einn maður getur með gamanyrðum og skemtilegum viðræðum betur hvatt samverkamenn sína við vinnuna, en margir yfirmenn með skipunum sínum.

Í sjálfbyggðu sveitunum hjer á Íslandi, hafa menn ekki síst fundið muninn í þessu atriði, þar sem lífsbrauð margsmannsins hefir svo að segja einatt verið á sama staðnum. Flestir hafa þá tilhneigingu að þá langar til að vita sem mest af því sem við ber í heiminum og það sem hefir skeð fyrir þeirra daga.

Á fyrri öldum voru menn hjer á landi, sem lítið höfðu fyrir sjónum annað en það að ferðast um sveit úr sveit, en af því að þessir menn fóru svo víða, kunnu þeir oft frá mörgu að segja, og þess er oft getið að þegar menn þessir voru sestir einhversstaðar í baðstofunni, þar sem þeir voru nefndir, og farnir að segja sögur sínar og fjölluðu, að þá hafi húsmóðirin fengið mest vandið frá vinnukonunum, og rokkhjólin aldrei farið hraðara, en þau kvöldin. Þegar kaupamennirnir ráða sig í kaupavinnu, langar þá oft til að vita hvort sá sem á að segja fyrir er þur og þiggjandalegur, eða gamansamur og glaðlegur, og margir þurfa láta sjer ekki síður annt um að hann sje það síðarnefnda, heldur þótt að kaupið sje einni krónu hærra um vikuna. Sama gildir oft um húsmæðurnar þegar vinnukonurnar ráða sig í vistir að þau langar til að vita eitthvað um húsbændurna og heimamenn í þessu efni ásamt fleiru.

Þessi dæmi, sem hvorki eru skýrð vel valin, sýna þó, að fleiri kostir mikilsverðir um þetta atriði. Best er auðvitað að hvorttveggja fari saman: vinnan og gott viðmót enda getur það vel samrýmst, og væri óskandi að það gerði það hjá sem flestum.

Sumarvinir hafa breiðst, og er einlægt að breiðast. Sú vinnig með mönnunum, engum jafnlar hvort saman við það sem áður var, án þess að finna mikinn

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

mismun. Unga fólkið fer nú hópum saman úr sveitunum til að afla sjer mentunar, en auðvitað gelur gamla fólkið ekki gert eins. En víssulega eiga þeir sem heima eru ekki afvelg að fara á mis við þessa auknu mentun, enda gera þeir það ekki yfirleitt. Maðurinn verður sjaldnast svo gamall að hann geti ekkert lært, eða vilji ekkert læra. Jeg efast ekkium, að það mundi verða mikil ánægja og stundastyttir fyrir þá sem heima eru, og hinir, sem búnir eru að læra, og kæmu heim aftur vildu segja þeim frá einhverju, sem þeim var sagt frá, eða sem þeir lásu um á skólanum. Það þarf ekki að taka svo mikinn þátt í öðru, það er hægt að vera með höndunum gapandi fram, en hinn sem hefur fundið sjer starfa að líða og verkið ánægjulegra en alla.

Álfur.

Samheldni — sundrung.

Það er tvennt, samheldni og sundrung, sem oss Íslendingum hefir verið brugðið um, og það ekki að ástæðulausu.

Sundrungin hefir mikið skað- að þjóðinni fyrir þrifum, það er hún sem sjálfstjórnartímabil landsvors beið skipbrot á; það er sundrungin sem þjóðin hefir fengið að arfi, frá hinum fræga frændum sínum Keltunum.

Tökum t. d., þegar íslendingar afsala sjer sjálfstæði sínu á 13. öld, þegar þeir blindir af heift og sundrungargirni fara með mál sín til útlendra valdsmanna, sem ekkert hugsa um að dæma eftir lögum, heldur aðeins reyna að ná yfirráðum um yfir landinu til þess að auka völd sín. Þá kemur glöggt fram sundrungargirni landsmanna. En aftur á móti er sagnir að finna aðra eins samheldni sem kemur fram hjá íslendingum á þjóðfundinum 1851, þegar þeir taka undir með þjóðhetju vorri: Jóni Sigurðssyni og segja: „Vjer mótmælum allir." Hversu mikill er munurinn, að sjá þá alla rísa, sem einn mann, eða þegar hverjum sig, eins og reyna að sundra og níða það niður sem hinn byggir upp. En ekki er svo að skilja, að þetta sje einsdæmi um íslendinga, en alstaðar þar sem sundrungin hefir átt heima hefir gagnsókn og niðurlæging á eftir. Þar sem hið gagnstæða hefir átt sjer stað, nl. samheldnin, hefir ætíð myndast þróttmikil þjóð sem hefir borið af öðrum til óglaymanlegs lofstýrs í sögu þjóðanna.

Kæru skólasystkin! Munið það ávalt að sundrungin hefir verið ástríðingarsker íslensku þjóðarinnar, munið það, að hún er eitur í æðum fjelagsskap, og niðurlæging í augum allra mentaðra manna.

Tökum oss því fyrir hendur að efla samúð og samheldni. Setjum oss það takmark að efla hvíld landsvors, og vinna að því í hví vetur og berjast undir einkunnarorðunum: Aldrei að víkja, þegar

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

vanist er fyrir sönnu og góðu málefni.

Önundur.

Kæru skólasystkyn!

Mig langar til að ávarpa ykkur með nokkrum orðum og bjóða ykkur öll velkomin. Það er gleðilegt að við skulum nú öll vera komin hingað aftur á þennan stað, sem svo margar skemtilegar endurminningar frá vem okkar hjer áður, eru tengdar við. Jeg hugsaði oft í sumar til samfunda okkar og hlakkaði mikið til að sjá ykkur og dvelja með ykkur litlum tíma.

Við kvöddumst í fyrra en fimmumst nú aftur,

mjer fanst að það væri einhver töfrandi

sem leiddi mig ósjálfrátt ykkar á fund, jeg elska hina liðandi samverustund.

Ný komum er vetur með kulda og fannir, það kveða við ströndina ólgandi hvannir og rósin er fölnuð í hlíðum og hól hnigin til viðar er gulstandi sól.

Þó úti sje vetur lát sumarið í sál þinni búa og kærleik til manna, lát vonina benda til himinsfjarlægðanna og hirð ei um veraldar gljándi sýn.

Þráin.

Skrítlur

Á fjóðhátíð einni í Þrándheim var verið að útbýta verðlaunum

Sá, sem það gjörði, komst ekki á fram fyrir því að átta drengir þyrptust kring um hann. Hann tók því það ráð að hann kallaði upp og spurði, hvort engum af þeim sem þar væri hefði spunnið gaddavír. „Það er svo margt samankomið hjerna af efnilegum drengjum", sagði hann að það er gaman að vita hver þeirra er best að sjer í kvennu". Eftir örfa augnablik voru allir drengirnir horfnir.

2. Kennarinn: „Guðrún segðu mjer, Doddi, hvað er vanræksla synd?"

Doddi: „Það er náttúrlega sú synd, sem maður hefir vanrækt að drýgja.

3. „Daníel held jeg að hann litli litli verði góður prestur", sagði mamma hans, „jeg vildi óska að jeg hefði það að hann hjeldi yfir mjer líkræðuna".

„Nei ekki amað en það að jeg vil láta grafa mig á sama hátt og jeg hef vanist frá barnæsku".

Ung stúlka úti á sjó mæltist svo um: „Heyrðu Árni. Er viss um, að við komumst alla leið slysalaust?"

„Já, það er alveg viss um" sagði hann. Jeg hef talað við skipsfjórann, og hann hefir sagt mjer, að hann hafi ekki drukknað enn, og þá hafi hann verið á þessu sama skipi í 35 ár.

Bænarinn: Gjörið svo vel að veita mjer svolitla hjálp, herra minn jeg á þrjú börn hina, sem eru öll krúnur

---

Í ritnefnd:
Árný Filippusdóttir Björn Jóhannsson Ingibjörg Ólafsdóttir

Fram.

II árg. Núpi 22. desember 1910. Nr 3.

Málsháttur.

Orðin eru til alls fyrst.

Þótt orðtak þetta sje eins og flest annað ekki alveg án undantekningar, hefir það þó mikinn samanburð að geyma.

Frá því sögur fara fyrst af vita menn að málsháttur hefur verið ein af þeim lyftum sem lyft hefur fjölda manna til vegs og valda. Hún hefir haft aðalábrifin á úrslit mála-afstaðanna sem mörgum sigri hefur ráðið — og oftar komið nokkuru til leiðar.

Það þekkja menn af sögum ýmsra málskumanna, að þeir höfðu í byrjun ekki meira af þeim meðfædda eiginleglekika en almennt gerist, heldur þroskuðu gáfuna sjálfir með elju og áhuga.

Eftir farandi leiðbeiningar eru mannsinnlegar hverjum þeim er tala vill opinberlega:

1. Talaðu aldrei nema þú hafir eitthvað ákveðið að segja.
2. Gættu niður strax og þú hefir sagt það sem þjer bjó í huga.
3. Gættu þess að vera þín er til einkis ef áheyrendurnir veita henni ekki eftirtekt.
4. Hugsaðu hátt, talaðu skýrt og skipulega, stattu eðlilega og verðu ekki of fljótmæltur.
5. Takið vinsamlega öllum aðfinningum áheyrandana, gáfnavel þó þær sjeu andstæðar.
6. Gættu þess að missa ekki þráðinn í ræðunni og hafa vald yfir tilfinningunum.
7. Mundu að engum tala rétt mál ekki niður en tungan.
8. Lestu aldrei upp ræðu en hafðu þó ávalt aðalatriðin skrifuð við hendina.
9. Hafðu allan hugann við efnið en gleymdu sjálfum þjer.

Það eru þrjú þýðingarmikil atriði sem hver ræðumaður verður gæta. Fyrst og mest vert er innihald, annað niðurröðun efnisins og þriðja hvernig ræðan er flutt.

Af þessu þremur er þó aðeins hið fyrsta ómissandi. Það gerir minna til þótt niður röðun efnisins sje skömm, og ræðumaðurinn hafi skemma röddu og ófagrar hreyfingar. En hann verður umfram allt að vita hvað hann er að tala um.

Að hafa það víst í huga einum sem menn alla að segja, og segja það á viðeigandi hátt, er listin að halda góða ræðu.

(eftir Vestra)

„Hvað ætlum við gert fyrir sveitina okkar?"

Þegar þetta málefni kom til umræðu á einum fundinum okkar um daginn, varð aldrei

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

af því að jeg vaddi það; jeg get þó ekki látið það liggjandi fram hjá fara og þessvegna sendi jeg þessar línur í blaðið, þótt þær verði ekki til annars en að eyða vininum.

Það er margt hægt að telja upp, er gera má fyrir sveitina um a, enda faldi líka fundurinn mik ið upp. En samt var eitt, sem engin minntist á og sem jeg ætla nú að tala um, það er: að leita samleikans. Ekkert er það sem við getum betur gert fyrir sveitina okkar en það. Í hvaða stöðu sem við erum í í lífinu, og hvar sem við erum á hrettinum, getum við þó altið gert þetta fyrir sveitina okkar að leita samleikans, og við skulum leita hans í kærleikanum. En til þess þurfum við að vanda alt framferði okkar, við verðum að vera hógvær, vingjarnleg, kurteis og hæfilega hát í framkomu, – og vera traust til þeirra er við umgöngumst. Ekkert held jeg að geti spilt sakleysi barnssál meir en það þegar hún finnur að engin þorir að bera traust til hennar, hún (nefnil. sálin) kólnar og harnar ávalt meir og meir, tilfinningarnar deyfnar fyrir góðu og fögru deyfnar og það svo að hún finnur varla mismun góðs og ills. Jeg þekki skáldkonu sem hafði orðið fyrir þungri tögnd um ábrifum, hún var búin að fá hrif á mönnunum, henni var sama um alt, ef hún gerði það sem hús bændunum var ekki að skapi sagði hún: að annað eins hefði aldrei komið fyrir. Hún fann ekker til þótt hún særðist um við vinnu sína, eða gerði eitt og annað sem gott var, og særi fundið að við hana svaraði hún: að það bjóðu allir sig vera illa, og þá væri bara hún gerði fólki það til eftirlætis að vera vond. Henni fanst lífið leiðinlegt, kalt og dimt, engin var er vægni til að sýna henni hlíð fegurra.

Er það ekki gaman, að geta flutt svona sálum svolítið af ljósi og yl? vermt örlítið kalda hjartað, lýsa líkið eitt í myrkrinu, svo að hún sjúka sál geti að minsta kosti einusinni fengið að sjá ógnlítið af hinni björtu hlið lífsins? Það getum við þó altið gert, þegar tækifæri bjóðst, hvort heldur við erum í sveit eða kaupstað, og með því gerum við ekki einstaklingnum gagn, heldur einnig heimilinu, sveitafjelaginu og þjóðfjelaginu, þar semöll fjelög eru bygð á einstaklingnum

Jeg hef með vilja gengið fram hjá því að minnast á líkamlega vinnu, sem við öll getum gert fyrir sveitina okkar; því jeg tel það óþarft, þar sem svo mikið var búið að ræða um það á fundinum.

Jeg enda svo þessar línur og bið ykkur að taka viljan fyrir verkið, að jeg er að böglast við að skrifa í blaðið okkar.

Margrjet Jónsdóttir.

Íslenskar glímur.

Ein hin helsta þjóðíþrótt okkar Íslendinga eru glímurnar, enda hefur þeirri íþrótt verið haldið mjög á lofti á síðari tímum.

Skjalasafn Ísafjarðar

sveitanna. Það er sorglegt að hugsa sjer að á flestum bæjum skuli vera hætt að vinna til fata, nema ef unnið er til sokka, og sumstaðar í nærföt. Annaðhvort er ullin seld í kaupstinn, og keyptur par fyrir hana útlendar vöðir, sem sendar eru hingað til landsins. Úr því eru saumuð ytri og innri föt, sem oft eru endingarlítil. Eða menn senda hana í ullarverksmiðjur, og láta vinna þar úr henni vaðmál og band. Þetta held jeg að verði þó öllu bezta, en láta hana í kaupstinn, þó þetta sje nú engan veginn gott, en með því fast þó ullin aftur. Þegar við sendum ullina okkar út úr landinu til að láta vinna hana, þá veitum útlendingum atvinnu, en tökum verkefni frá oktur Íslendingum sjálfum, svo að það verður minna til að vinna í landinu.

Eina ráðið til að hefta að þetta verði ekki svona framvegis er að menn fari betur að hugsa um að efla ullarvinnuna á bæjunum, heldur en hefir verið gert nú á síðustu árum.

Jeg heyri að menn berja því við að það sje ekkert hagt að vinna fyrir fólksleysi í sveitunum, allt fólk sje komið í kaupstinn. Þetta kann að vera að sumu leiti satt, en ekki þó að öllu. Það er enn fólk í sveitunum sem gæti eflt ullarvinnuna, bæði en það gerir, til að mynda karlmennirnir. Eru það ekki þarðskjöp að hugsa sjer að það skuli vera sú hugsun hjá allmörgum karlmönnum, að þeim þyki skömm að kemba kamb eða taka ofan af ullarlagði, af því að þeir telja að það sjeu kvennmannsverk, en ekki karlmanna, og liggja heldur mikið af dögunum, eða ef til vill alla dagana aðgerðarlitlir, heldur en að taka á ull.

Ætli að það yrði ekki öðruvísi með ullarvinnuna hjá okkur ef að karlmennirnir almennt hugsuðu meira um að efla hana en þeir gera.

Það er engin von til þess að kvennfólkið geti að öllu leiti klætt upp heimilin, með vinnu sinni, ef karlmennirnir leggja ekki þann sinn krafta líka.

Aður á dögum, og það er reyndar ekki svo langt síðan að karlmenn unnu jafnt að ullarvinnu og kvennfólk. Þá þurfti miklu minna að fá úr kaupstinum en nú. Þess vegna ættu karlmennirnir ekki að vera lengi að hugsa sig um, og hætta að gefa útlendingum peninga sína fyrir ónýta tuskur úr búðinni, til að klæðar sig í, heldur styðja að því af öllum mætti að ullarvinnu aukist, og eflist í landinu okkar, með því að hjálpa kvennfólkinu til að vinna hana.

Og klæðast svo í íslenzk föt

Huldu.

Skjalasafn Ísafjarðar

Draumórar.

Það er eins og mig dreymi um það að jeg þurfi að senda blaðinu nokkrar línur. En nýjar finnst jeg ekkert geta sagt, ekkert skrifað. En nýjar finnst jeg mega til að reyna. Ef við aldrey reynum neitt getum við aldrei neitt.

Við megum ekki segja okkur það til fyrirstöðu að við getum ekkert. Ef við reynum, og þótt það verði lítið fyrst, þá megum við ekki hætta, heldur reyna aftur.

Því það er eins með þessa gáfu eins og svo margt annað, að hún styrkjist við áreynsluna.

Við verðum að hlúa að þessum litla neista, ef jeg skyldi kalla hann svo, svo að hann ekki kulni út. Við verðum að reyna af efla hann og styrkja, auðga hann af hugsjónum og hugmyndum, og gefa honum sem mest viðsýni.

Sjóndeildarhringurinn hans er enn svo lítill og takmarkaður, að hann verður að víkka, hann verður að stækka. Flugurinn verður að fá miira svigrúm meiri víðáttu að svima um og tína hin fjósörmu korn, og reyna að láta þau bera ávöxt.

Kuldi.

Skemtanir.

Það er gaman að leika sjer, það mun okkur öllum finnast. Leikirnir eru margir, og misjafnir, enda verður það að vera, því að mennirnir eru misjafnir og öðrum þykir gaman að því sem hinn hefir enga ánægju af. Dansinn er víst sú skemtun, sem mest er notuð nú á tímum, hjer á landi að minnsta kosti. Því er ekki að neita að dansinn er góð skemtun, sje hann ekki misnotaður, og það má nú líka misnota fleiri skemtanir, því hann lífgar mann og örfar svo að maður verður sem nýr maður, það erað segja ef hann er ekki of mikkill, og talsverð nautn er í að dansa.

Það hlýtur að vera unun fyrir þá sem kunna að dansa af list: að líðast svo að segja á hljóðbylgjum tónanna, eins og fegar skýin renna nýr og niður á öldum hafsins. Geta svifið áfram eins og fuglar loftsins, með ákveðnum hraða og sjerstökum hreifingum. Það er því ekki að undra þótt þeir sem kunna dansa hafi ánægju af því og vilji njóta þeir ar skemtunar sem oftast.

En fleiri skemtanir eru nú til en dansinn, og margar sem meiri ánægja er af svo sem ýmsir leikir, og íþróttir t.d. glímur, stökk, hlaupreiðar, sund og m.fl.

Og þá má jeg ekki gleima söngnum, engin skemtun er yndislegri en að hlusta á fagran söng. Heyra þessar sveiflur, með alls

sinni fegurð og tilbreytni liða fram hjá manni eins og himneskan hljóm, sem snertir um leið hverja einustu taug líkamans og lokkar hugann inn í einhvern ósýnilegan undra geim, þar sem hann hlýtur að gleima sjer fyrir áhrifum sinnar dreymandi sælu, er umhverfis hann býr.

Enn er ein skemtun, sem gefst að veita sjer, hvort heldur er sumar eða vetur, það er: „náttúrufegurðin." Hvar sem við lítum út um glugga eða dyr, hljótum við að sjá þessi tignu fjöll, sem standa eins og nýskautuð brúður, í vetrar skrúðanum.

Eða á sumrin þegar sólin kastar geislum sínum á fjallatindana og svörtu klettarnir standa eins og hermenn, sem vilja verja litlu fögru blómin sem hafa tekið sjer bólfestu neðar í hlíðinni, og niðri í dalnum

Ef þetta er ekki skemtun, að geta notið þessarar fegurðar, þá veit jeg ekki hvað er skemtun.

Vinnan er líka skemtun, það er gaman að gera eitthvað fyrir pabba sinn, mömmu sína, eða einhvern húsbónda sinn, eða hver það nú er, sem um leið getur verið fyrir fóðurjörðina og þjóðina. Það gaman að reyna að gera vel, vera fljótur og hafa altaf nóg að starfa.

Allar þessar skemtanir hefir lifið að bjóða, allra þessara ánægju (getum) og unaðsstunda getum við notið ef við aðeins viljum veita þeim eftirtekt.

Lóa.

Skrítlur.

Einusinni var keisari er hjelt innreið í borg sína í ríki sínu. Og þegar hann fer inn fyrir borgarhliðið, heldur borgarstjóri tölu allmikla, keisaranum til virðingar. En keisarinn hjelt ekkert af slíkum tölum, og vildi helst ekki hefja sig við að hlusta á hana. En allt í einu gaukaði kýr sem var að líta á enginu fyrir utan. Þá segir keisarinn: „fey, ekki nema einn í einu"!

— ÷ —

Einusinni lá bóndi nokkur veikur, og var sóttur fyrir hann læknir. Þegar læknirn er kominn, segir bóndi að sjer hafi ekkert batnað við meðölin frá honum (læknirn hafði komið til hans áður). „Hvað", segir læknirinn, „jeg sem hefi gengið í gegnum tvo háskóla". Þá segir bóndi auðmjúkur „jeg hef líka átt kálf sem saug var kýr en varð þó aldrei nema naut".

— —

Tveir menn eru saman í járnbrautarvagni og annar þeirra vöðru hvorn að hrista sig og róa sjer aftur á bak og áfram. Hinn maðurinn tekur eftir þessu, og spyr hann, hvort hann sje fjáður af taugaveiklun. „Nei," svaraði hann, „en jeg er nýbúinn að kaupa mjer ið fyrir 2 krónur, og það nennir ekki að ganga nema jeg hristi mig öðru hvoru."

— × —

Ritnefnd: Gestur Gestsson, Jónas Halldórsson og Jóna Jónsdóttir.

Skjalasafn Ísafjarðar

F-r-a-m.

II. árg. | Núpi 2° febrúar 1911 | № 7

Skemtiferðir.

Allir menn þurfa að skemta sjer, þurfa að njóta einhvers sem gerir þeim lífið léttbærara og lyftir huganum frá umgangi hversdagslífsins, og þess þá til að gleyma þeim um stund.

Skemtanaefni manna eru mörg svo sem: leikir, dans, söngur, lestur skemtibóka, skemtiferðir o. fl.

Jeg ætla ekki að tala um þessar skemtanir hverja fyrir sig, en get þess aðeins, að allar skemtanir eru ekki jafngóðar, sumar geta verið spillandi sjer þær notaðar úr hófi.

Jeg nefndi áðan skemtiferðir, og ætla jeg að tala um þær. Skemtiferðir eru þær ferðir sem menn fara til þess að skemta sjer við nýjungar og náttúrufegurð ýmsra staða. Það er sagt að um lönd sjeu ferðamannalönd, og eru það þau lönd sem mikið er ferðast um, til þess að skoða þau, t.d. Sviss, þangað ferðast fólk úr öllum áttum, til að skoða náttúrufegurð þess, þetta hefir gert marga fátæka bændurna þar, að auðugum mönnum, því að þeir hafa tekið á móti ferðamönnunum og selt þeim greiða og fylgt þeim þeim um landið. Flest lönd eru ferðamannalönd t. d. Noregur. En hefir Ísland þá fegurð að bjóða sem ferðamannaland þurfa að hafa? Já, þó að það sje ef til vill ekki eins fagurt og Sviss, þá hefir það þó mikla fegurð að bjóða, svo sem fossana fagra og tignarlega, háu fjöllin með jöklir á kollinum, glitrandi ár sem líða niður um grænar sljettur, grónar grasi og blómjurtum, glampandi vötn á heiðum og sljettum, og svo mætti nefna fleira sem náttúra Íslands hefir að bjóða. En leiðinlegt er að vita til þess, að við Íslendingar þekkjum margir landið okkar lítið, höfum sjeð lítið af fegurð þess, nema það sem sveitin okkar hafði að bjóða.

Margir Íslendingar fara til útlanda til að skoða náttúrufegurð þeirra, og hin mikla mannvirki sem bera þar fyrir augun og líknardarhátti og innanhúsferð landsbúa. Þetta er nauðsynlegt og gagnlegt og mentandi og fræðandi í sjálfu sjer er hvorki til framfara hjer heima. En margir hafa ekki efni á þessu sjálfa þeirra og aðrar ástæður banna þeim það. En í þess stað ættu þeir að kynna sjer landið sitt betur, það geta flestir að meira eða minna

leiti, og ef þeir ætta þá einhvern tíma kost á að fara til útlanda, hve mikið mundi það ekki auka á ánægju þeirra, ef að þeir áður hefðu lært að þekkja landið sitt og gætu svo borið það saman við þau lönd sem þeir ferðuðust um, þá gætu þeir betur sjeð hvað væri til bóta fyrir það og í hverju að landsmenn væru á eftir tímanum og svo fleira. „Lærðu að þekkja sjálfan þig" á hjer við eins og annarstaðar.

Jeg get ekki hugsað mjer nokkura skemtun eins ánægjulega og göfgandi eins og þá að skoða verk guðs í náttúrunni að athuga það smáa eins og hið stóra. Þekking á lítilvægum blómum sem daglega bera fyrir augun, og varla er veitt eftirtekt, getur verið svo lærdómsrík og unaðarík að maðurinn ferðast eltir þau og hlýnna að þeim.

Þó að einhver sje svo fáfróður að hann hafi ekki eptir á að taka þátt í skemtunum annara manna, þá er þó faðmur náttúrunnar altaf opinn honum og þar getur hann notið ókeypis skemtunar, sem jafnast á við margar þær skemtanir, sem mennirnir hafa að bjóða.

Valur.

Óstundvísi

(framhald af grein í síðasta blaði.)

Jeg kalla það ekki óstundvísi þegar náttúran eða önnur óviðráðanleg og ófyrirsjáanleg óhöpp hamla, en það kemur ekki oft fyrir til inna veitu.

Af óstundvísi leiðir að menn eru mjög ónákvæmir í öllum tímaákvörðunum. Það er vana viðkvæðið að það geri lítið til, eða munu á minuta þó það sje einum eða tveim dögum seinna en ákveðið var o.s.frv. Þjer Íslendingar eigum svo mörg kæruleysis orðtæki sem við þurfum að leggja niður, svo sem: „Það gerir ekkert til." „Það munar á minuta" og „Einhverntíma". Óstundvísi verður ekki lögð í einni svipan heldur en annað sem er orðinn rótgróinn vani.

Það verður að innræta börnunum að vera stundvís, því aðallega er það ungu og uppvaxandi menniskir sem ætla að taka stundvísina á stefnuskrá sína. Það dugir ekki fyrir einn að hugsa um að vera stundvís, nei, vjer verðum í þessu efni eins og öðru að vera allir eitt, allir eitt.

Jeg hjelt nú við að aumum pyki jeg hafa gert heldur mikið úr þessu, og kann það vel að vera. En því held jeg fram að oktur sje töluvert ábótavant í þessu efni og það þurfi og sje hægt að laga það.

Jeg bið menn að taka ekki þessi orð, sem afleiðingu af þeim orðum sem kennari okkar sagði hjerna um kveldið. Langt því fjarri.

X.

Skjalasafn Ísafjarðar

Frelsið.

Við þá viðleitni að verða frjáls, verður maður hvervetna var við þar sem líf er í náttúrunni, allt frá hinum lægstu dýrum, og til æðstu skepnu jarðarinnar mannsins. En sú viðleitni er miamunandi, sem eðlilegt er, eptir því hvort dýrið er af hinum æðri eða lægri ~~stigum~~ dýrategundum.

Hjá manninum ber nú mest á þessari viðleitni, enda er hann æðsta skepna jarðarinnar. Þjóðirnar hafa mikið barist fyrir þessu háleita orði frelsinu. Fyrir frelsið hafa þjóðirnar fórnað blóði sínu gæfu og besta sona- og ekki þótt ofkeypt hafi það fengist. En það er vandfarið með svo verðmikinn og dýrkeyptan hlut sem frelsið er, ekemi þess höfum við fyrir okkur í mannkynssögunni. Ên er nú ekki fleira frelsi en það að vera engum háður? Jú, það er víst og satt, og það frelsi er miklu æðra og fullkomnara; jeg á við hið andlega frelsi mannsins, því það frelsi er sá undirstaða sem verður að byggja á til að fá hrundið af sjer ófrelsisfleckjum harðdrægra yfirboðara, og á andlega frelsinu verður þjóð vor að byggja, ef hún vilð verða veraldlega frjáls. En til að geta byggt á andlega frelsinu, verður maðurinn að hafa nægja þekkingu. Já, sanna þekkingu sem getur til einkað sjer og valið það sem best er í hverju fjöðfjelagi, nefnilega samheldni og eindregni. O, „vormenn Íslands", fyrir sem framvegis eigið að bera Íslands upp til vegs og gengis. Kostið kapps um að standa sem einn maður gegn um framfarir og blessuðum þjóðlífs vors er að ræða. Kostið kapps um að mentast sannri mentun, mentun sem byggð er á hinu andlega frelsi mannsins, sem er: trú, von og kærleikur. Þetta prent er það sem byggja verður á, til að geta borið Ísland fram til vegs og gengis, meðal þjóðanna.

Ónundur.

Nokkur orð eptir viðvaning.

Ein helsta gjöf skaparans er málið; án þess gætum við ekki látið hugsanir okkar í ljós, og þá værum við eins og skynlausar skepnur. En, hvernig notum við nú þessa miklu og háleitu guðsgjöf? Svarið verður: misjafnt. Sumir nota það mest öðrum til ógagns, og kemur það fram í ýmsum búnaði t.d. illu umtali um náungann, ólemri stríðni o.fl. En aðrir hafa andstyggð á þessu, þeir nota málið eingöngu öðrum til gagns og sjálfum sjer til heiðurs.

Ên af hverju kemur þessi mikli mismunur mannanna? Hann kemur mest af því að þeir hafa orðið fyrir misjöfnum áhrifum, en nærmæstir fyrir áhrifum er

maðurinn á bernsku og æsku=
árunum. Við skulum því reyna
af fremsta megni að láta þau á=
hrifum sem við höfum á aðra
menn, vera góð og þeim uppbygg=
leg, og stiðja að því að aðrir
geri það sama. En ábirgð á aðra
getur hver maður haft í hvaða
stöðu sem hann er.

Margir halda því einnig fram,
og það líklega ekki að ástæðulausu
að menn sjeu svo misjafnir að
upplagi; en þá er að uppræta
það ólama sem maðurinn hefir
sjer meðskapað og láta gott koma
í staðinn, en ekki láta það illa
haldast við. Þeir eldri eiga að byrja
það strax á börnunum, þegar þeir
hafa komist að því að það er til
í þeim, og svo á barnið þegar það
er komið til vits og ára að halda
því áfram; með þessu munu
það smátt og smátt minka og
loks hverfa.

En því miður eru margir
sem ekki láta sjer nógu um=
hugað um þetta í tíma, en fara
ef til vill að stíga skref fyrir
það þegar alt er orðið um seinan.

Það er nú ef til vill heldur
djúpt tekið í árinni hjá mjer að
maður geti ekki hvenær sem er
sett skorður fyrir þessar ólama
tilhneigingar, sem nefndar hafa
verið, en verra mun það verða
eftir því sem maðurinn eldist
og venst því, og þá mun þurfa
miklu meiri sjálfsafneitun og
stöðugleika. Við sjáum hvað
maður sem lengi hefir drukkið
vín á óhagt með að leggja það
niður og ef til vill ekki nema
af hundraði sem getur það.
Líkt þessu er háttað með illar
venjur einstakra manna og heilla
þjóða.

Jeg get nú ímyndað mjer
að ýmsir sjái nú þarið að leiðast
þetta „bull“, og ala eg því bolnin=
um í, með þeirri ósk og von
að hið góða sem felst í hugum
og hjörtum hvers eins sjé rækt að
sem best, svo að það beri góð=
an ávöxt, en hið illa sje
upprætt og í eld kastað.

Smávegis.

Skólameistari nokkur var að
kenna landafræði. Til þess að útlista fyrir
lærisveinum sínum lögun jarðar=
innar, tók hann upp hnöttóttar
tóbaksdósir, sem hann var vanur
að brúka hversdagslega, en á sunnu=
dögum var hann vanur að hafa
perlýrndar dósir. Kennarinn sagði
lærisveinum sínum að jörðin
væri í lögun eins og dósirnar
sem hann tók upp. Skömmu
síðar spurði hann einn
af drengjunum, hvernig jörðin
væri í lögun. „Á sunnudögum
dögum er hún hnöttótt, en
perlýrnd á sunnudögum“
svaraði drengurinn.

Ritnefnd

Andrjes Kristjánsson Friðrik Bjarnason
Jóhannes Davíðsson.

Skjalasafn Ísafjarðar

F-v-a-m.

II. árg. | Núpi 16. mars 1911. | № 8

Auður.

Allir vilja víst verða auðugir, og margur er sá eskumaðurinn, sem leggur út í heiminn, með þá von í brjósti að hann fái höndlað þetta hnoss, sem hefir svo mikla þýðingu fyrir mennina. Það er sagt að allir geti orð auðugir, jeg veit ekki hvort jeg get fylgt þessari skoðun, því ef jeg líhuga t.d. mann, sem hefir komist í góða stöðu og hefir hátt kaup, en þegar hann fer vinnu laun sín þá keppist hann við að eyða þeim á allan hugsanlegan hátt, og svo er hann jafn fátækur eftir sem áður. Hann eyðir peningum sínum, án þess að vita eiginlega af því sjálfur hvernig þeir hafa farið. Mjer finst, að til þess að verða auðugur og kunna að hagnýta sjer auðinn rjettilega, þurfi fyrst og fremst, gott uppeldi á reglusömum og siðsömum heimilum. En sá maður, sem elst upp hjá hirðulausum foreldrum, sem ekkert hugsa um að innræta honum hinar algeingustu lífsreglur og nauðsynlegustu, sem svo mikið er komið undir að kunna, hann getur aldrei orðið hamingjusamur í lífinu, eða eignast auð.

Ef barninu væri strax kent að fara vel með eigur sínar, ef því væri kent að eyða aldrei öllu, sem það eignaðist, þá myndi það líka breyta eins á fullorðins árunum. Því, „hvað ungur nemur gamall temur."

Auðurinn hefir misjöfn áhrif á menninga, sumu gerir hann að ólambsömum sellífis mönnum, er líta sínum augum á hjálparþurfa almúga menn, og finst að þeir standi þeim langtum ofar í heiminum. Þeir þykjast jafnvel bornir til að drottna yfir þeim, í stað inn fyrir að þeir ættu að hjálpa þeim og styrkja þá til að komast áfram.

Sumir safna auði í þeim tilgangi, að gefa hann eftir sinn dag, til gömsra nytsamra hjálparstofnana. Þetta er að vísu lofsamleg breytni, og heldur upp minningu mannsins.

En skyldi nú þessi auður altaf vera vel feinginn hjá sumum, skyldu þeir hafa unnið sjer hann, með því að leggja mikið á sig og fara á mis við góm pægindi, sem þeir hefðu getað veitt sjer, skyldu þeir hafa aflað hans með þeirri hugsun að láta hann koma öðrum að notum, sem þeigt eiga.

Það getur verið að sumir hugsi svona, en þó eru margir, sem eruingis hafa auð sinn af því sem þeir kúga út af öðrum með þröngu móti. Þeir laufbeyrast við brennum fátæklingsins, sem ber að dyrum hjá þeim. Hjörtu þeirra er harðara og kaldara en steinninn. Þeirra eigin velliðan er þeim kærari öllu öðru. Og þó að þessa menn gyrði nú breytni sinnar, þegar þeir standa svo að segja á grafar bakkanum, af því að þeim ógnar að hugsa til hvað taka

munni við þegar að lífi þeirra lýkur hjer í heimi, þá geta þeir aldrei bætt það til fullnustu, með því að gefa sinn rangfengna auð. Nafn þeirra berst að vísu um heiminn, og þeir eru lofaðir af fjölda manna, sem ekki hafa hugarfylsni um lífsferil þeirra. Meðan fjöreklingarnir, sem þeir fjeflettu biðja þeim ófarnaðar.

Það er nauðsynlegt að sá sem kann að afla sjer auðs, á heiðarlegan hátt, læri að fara vel með hann og verja honum á sjálfan hátt, sjer og öðrum til nytsemdar.

Grima.

Gladlyndi

Í umgengni hver við annan, eigum við kost á að kynnast og þekkja að meira eða minna leiti skapferli og lundarfari hvers einstaks, og því fleiri menn, sem við þekkjum, þess betur verður okkur það ljóst, hversu þeir eru ólíkir hver öðrum í viðmóti, sem á rót sína að rekja til þess lundarfars, sem hver einstakur hefir.

Okkur er henta að við eigum að lifa saman í ást og eindrægni, og þeir eru líka margir, sem reyna að fylgja því boðorði, að svo miklu leyti, sem þeirra mannlegu kröftum er leyft, og ætla má að þeir menn sjeu virtir og elskaðir á móti, og oft er að vísu svo, en eigi ávalt. Ef þessir menn eiga ekkert af því, sem nefnt er gladlyndi, þá finnst öllum straks að í sambúðinni við þá, hljótum við að játa, að væri það sameinað hinum öðrum kostum þeirra, hlytu þeir að vera okkur enn kærari.

Menn virnir hafa líka fundið þetta; dæmi eru til þess í öllum löndum. Gladlyndir menn hafa verið kærkomnir í allan fjelagsskap, og gamansamar og vel til fundnar smásögur hafa borist manna frá manni burðargjaldslaust.

Allflestir þekkja af afspurn Ameríska kjímni skáldið Mark Twain, sem nú er nýdáinn. Hann var svo að segja alstaðar þektur fyrir gladlyndi sitt, sem hann í gás bæði í ræðum og ritum.

Sögur skráðar eftir hann og orðtæki af hanns eigin vörum, hafa borist út um heiminn, og þess var getið þegar hann dó, að hann mundi hafa kannið langtum fleiri til að hlæja en nokkur annar.

Hinar ýmsu hliðar gleðinnar og gladlyndisins, hafa þó mætt mótspyrnu, misjöfnum dómum og misskilningi í heiminum. Það finnast dæmi til þess, að menn hafa átalið dætur sínar fyrir hversu málgefnar og gladlegar þær væru við piltana, það gæti fyrri verið vinskapur, eða það hefir verið minst á það, svona sín á milli, hvernig þessi eða hinn fjeti þegar hann mætti tali af einhverri stúlku, það væri eins og hann hjeldi að hanns hlutverk í þessum heimi væri það, að sýna karlmennsku sína í því að láta stúlkurnar hlæja að sjer og gera þær að halfvita eins og hann væri sjálfur. Eitthvað líkt þessu hefir nú heyrst, þótt ekki sje það algengt.

Ekki er því heldur að neita, að gladværðin og gleðin eiga sjer takmörk, sem þeim eru sett og sje þeirra takmarka ekki gætt, verða þær fremur til lýta en ekki og er

Skjalasafn Ísafjarðar

þá ástæða að halda að ávirkj þeirra verði ekki betandi.

Saklaus gladvirð bæði í ræðum og ritum samfara stillingu getur ekki verið manninum til niðurlægingar, heldur þvert á móti, hún hefir oft dreift margum leiðinda skuggum, sem leðst hafa meðal mannanna, þótt ekki sje hún einhlít að vísa þeim öllum á bug.

Jeg endla svo þessar gladlyndis hugleiðingar mínar. — Um það ætti einhver nýjer fremri að rita, það er nytt blaði og penna til einhvers ófarfara.

D.

Fátækt.

Vinnan er móðir auðsefnanna, en auðsefin eru afl þeirra hluta sem gera skal, segir málsháttuinn.

Okkur Íslendinga hefir nýog mikið vantað þetta afl á umliðnum öldum og vantar enn í dag, sú vöntun hefir orðið til þess, að við höfum ekki getað náð eins miklum framförum og við hefðum um getað, ef við hefðum átt meira af þessu afli. Vjer erum enn fátækir og þurfum þess vegna af fremsta megni að reyna að bæta úr þeirri fátækt, með því að auka starfsemi okkar og starfsþekkingu, því starfskraftana eigum við nóga, ef við kynnum að nota þá. Það eru líka margir, sem alls ekki vilja vinna, þó þeir geti það, og er það leitt að liggja á krötftum sínum sjálfum sjer og þjóð sinni til skaða.

Sumir eru það, sem vilja vinna og vinna baki brotnu alla sína ofi, en eiga þó varla nóg til að draga fram með lífið. Jeg álít því að þeir menn kunni ekki að beita kröftum sínum rjett.

Vjer Íslendingar ættum því allir af fremsta megni, að reyna að nota krjetti bæði okkar eigin krafta og eins náttúru kraftana, sem eru svo ótæmandlega miklir, en allof lítið notaðir.
Jeg er viss um það, að ef við kynnum að nota þessa krafta rjett, þá værum við auðugri en við erum, því landið okkar er nógu auðugt til að borga okkur vinnu okkar, svo við þurfum ekki að vinna fyrir ekki neitt.

Takið nú til starfa, allir ungir og gamlir, í þá átt: fyrst og fremst að auka þekkingu okkar á að nota kraftana rjett og svo að nota þá landi og þjóð til gagns og sóma.

Kári.

Smásaga.

Viðmót vort við aðra getur margsinnis orðið ómiðt til að greiða fyrir eða hefta velmegun vora í lífinu; þess eru nóg dæmi. Hjer skal aðeins nefnt eitt:

Það var einusinni verslunarfjelag í búð í Lundunum, er hafði fengið svo mikið orð á sig fyrir kurteisi, að það var sagt um hann, að það væri engin leið til að fá hann til að verða ónugan. Kona nokkur auðug hafði heyrt þessa getið, og hugsaði sjer að reyna. Hún gerði sjer erindi í búðina, ljet fulltrúa leita upp og sýna sjer alls konar vaming, helst það sem hann hafði mest fyrir að ná, síðan

það all saman, hafði alt á hornum sjer og gerði hanum alt til skapraunar, er henni gat hugkvæmst, og fór svo á endanum að hún keyfti ekki fyrir einn eyrir. En hann var japn högvær, blíður og stimamjúkur, þegar hún fæddi eins og þegar hún kom í búðina. Hún hjálpaði hanum til að byrja verslun fyrir sjálfan sig fyrir bragðið, enda varð hann stáraudugur maður, og átti það mest að þakka að hann var allajafna manna þýðastur og kurteisastur í viðmóti.

Vegferð.

Ef við ætlum að fara yfir langann og torsóttan fjallveg, sem við höfum ekki farið áður, þá þurfum við að spyrja til vegar, við þurfum að spyrja nákvæmlega hvernig veginum liggi, hvort á hanum sje krókur eða út af hanum liggi afgötur, einnig þurfum við að spyrja, hvort vörður eða sjer kennilegar hæðir sjeu nálægt veginum, sem geti vísað hann. Þessa þurfum við alls að spyrja, en þess er lítil von að við rötum vel. Og áður en við leggjum af stað, er okkur ráðlegast að athuga vel afstöðu okkar, og þegar við byrjum ferðina, er best að fara hægt og gætilega.

Þannig er þessu varið með mannlífið, því er oft líkt við torsóttan fjallveg, með fjölda af afgötum, sem vandi sje vel að rata. Og áður en við leggjum upp á þann fjallveg, þurfum við að afla okkur þekkingar, spyrja til vegar, við þurfum að spyrja eftir afgötunum, til að geta forðast þær og við þurfum að spyrja nákvæmlega eftir vörðunum og hæðunum, til að geta farið sem næst þeim.

Mikið hefir verið gert til þess á síðari tímum, að afla ungum mönnum slíkrar leiðsagnar og einn slíkur leiðarvísir er skólamir. Takmark þeirra er að gera mannin hæfari til að rata yfir fjallið.

Ef við ætlum okkur að vinna eitthvað vandasamt verk, þá þurfum við og eigum, að leita okkur upplýsingar um það, við þurfum að spyrja þá sem þekkja starfið og hafa reynsluna fyrir sjer, við þurfum að athuga allt sem geti orðið því til meins, en þó sjerstaklega það sem geti komið því að gagni. En við megum ekki vera of leingi að leggja niður fyrir okkur starfið, við þurfum að vera fljót að hugsa. Lífið er ~~fjall~~vegur, sem enginn fer nema einusinni, þessvegna er nauðsynlegt að búa sig vel undir þann fjallveg.

Jeg bið fyrirgefningar á þessum línum, þær eru fremur til að eyða tíma, heldur en nokkuð vit sje í þeim, eða að þær sjeu nokkrum til uppbyggingjar.

X.

Í vitnesp.
Guðbjörg Ólafsdóttir. Sigríður Þórðard.
Guðm. Guðmundsson.

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

II árg. | Núpi 19. mars 1911. | № 9

Samleikur.

„Samleikurinn er sagnabestur", segir máltækið. En ekki eru nú allir á þeirri skoðun, að svo sje. Þeir eru svo margir, sem halda því fram, að ónógulegt sje að lifa, án þess að skröksa. Því bezti sje það, að engin geti sagt, hvað samleikur sje, og svo sje „hvílig friðarbygin". Þetta er að vísu satt, en þá kemur það hinsvegar eftir, að lygin verður illa og kemur hina beztu, sem til er í mannsálinni, til þess að draga sig í hlje, og hlýða á hégóma haldi fyrir hinn illa, heldur en að getið hljóðist af henni. Og því er svo afar áríðandi, að segja satt. „Tendur þig á að segja satt, svo'þjer megi líða." Það finnum við öll og viðurkennum, að það hlýtur að vera gleðisnauðt líf hjá þeim, sem finna, að enginn þorir að líta þeim fyst í einu orði. Þeir verða þreyttir af lífinu og mönnunum, og missa tilfinninguna fyrir því, sem er fagurt og gott. Hætta að trúa á guð og verða aumingjar í alla staði. Hvílík vesalmenni. Og hvorjum var það að kenna, að þeir urðu svona. — Ef til vill þeim sjálfum, og ef til vill uppeldi þeirra. En það er ekki víst, að dæma skuli það. — Og „til þess eru vítin, að varast þau". Við, sem eigum því láni að fagna, að hafa tilfinninguna fyrir þessum fjóta lesti, ættum að forðast hann á allan hátt. Ekki einungis vegna heiðurs okkar sjálfra og velmegunar, heldur og vegna annara.

Hvað sem við finnum, hvar sem við erum, og með hverjum sem við erum, skjótum við þá að viðurkenna, að við höfum meiri og minni átrúnað á þá, sem með okkur eru. — Og að það er skylda okkar, að vegna, að sjá um að þessi átrúnaður sjeu góð. — „Dæmist hver dám af ánnum sessunaut": Það er satt. Og þótt við sjáum ekki átrúnaðinn, þá eru þau fyrir það; þau koma oft ekki strax í ljós, heldur seinna. Það er alltaf líkt með þau og frækorn, sem hafa verið í moldu, og liggja þar nokkurn tíma, áður en þau vaxa upp og verða að blómi. Þau liggja falin inni í djúpi sálarlífsins, og koma í ljós á sínum tíma.

En það er nú hægt að segja, að hafa sje að kenna heilaðin, en halda þau. Og mun það satt vera; enda er „fátt svo sagt, en ekki satt fyrir." — En „mikið má, ef vel vill", og ef að við ásetjum okkur fastlega, að segja ~~sem oftast~~ allaf satt, þá trúi jeg ekki öðru, en okkur takist að vinna sigur yfir þessum ljóta lesti, sem flestir hafa, að meðtöldum leyti. Aðeins vantar okkur nógu sterkan vilja til að geta fullnægt hinu sama og góða, sem býr í mannsálinni, og einlægan einnum hátur til sífra tegra. „Því sama", sagði jeg, ef til vill rekur það hugsunina: „hvað er hið sama", sem svo margir hafa að viðkvæði, sem halda á móti leikanum. Það er ekki vert, að gefi svarað þeirri spurningu, sem hún

og góði vinir.

Allir menn hafa einhvern kærleika, þótt hann sje á mjög mismunandi stigi, en munurinn er mest þar um í því, hve mikið þeir gera til þess að fullnægja kröfum hans; munur gera það, sem þeir geta, til þess að fullnægja þeim, og við það stirkist hann; en aðrir gera ekkert þar nema það, og þá minkar hann, og verður jafnvel veikur.

Við skulum því reyna að efla kærleikann eftir mætti, bæði hjá oss sjálfum og öðrum; og hafa það altíð hugfast, að hann er uppsprettan alls góðs, og það ber oss að stirkja. Og ef að við [illegible] vel eftir því, sem kærleikurinn býður, þá munum vjer ekki þá ánægju missa á líkama manneskjunnar, heldur geta komið einhverju góðu til leiðar.

Vjer erum nú á leið að skilja, og förum sitt á hvorja áttina, og ejum líkast til ekki eftir að sjást framar, en þótt vjer verðum fjarri hvert öðru, vona jeg, að band kærleikans lengi hugi vara saman, og endurminningar frá samverustundunum verði oss hugfróar. Vera mín hjer með ykkur hefir verið svo ánægjuleg, að jeg mun altaf minnast hennar með söknuði.

Að endingu óska jeg ykkur til hamingju á ókomnum æfistundum, og að kærleikurinn veiti ykkur stirk og huggun í mótlætinu, en ánægju og frið í meðlætinu, og geri líf ykkar sælt og ánægjulegt.

Gestur Gestsson
frá Hjarðardal.

Hugleiðingar.

„Jeg þykist standa á grænni grund, en guð veit hvar jeg stend"

Hvar stend jeg, og hvert stefni jeg? Oft hefi jeg spurt sjálfa mig að þessu; og ekki síst nú, vakna þessar spurningar hjá mjer, nú þegar við erum svo að segja að skilja, förum sitt í hvora áttina og hittumst að líkindum aldrei framar. Hvað, segi jeg, hittast aldrei framar? Er það mögulegt? Nei, jeg veit að ekkert okkar hugsar svo, það væri ósamboðið okkur sem kristnum. Einhverntíma hittumst við aftur, en hvernig skyldi þá verða að lýsa til baka? hvernig skulu sporin lýsa úr [illegible] Jeg vildi óska að þau hefðu jafnan stefnt í sjetta átt. Við höfum verið hjer saman til þess, að fá okkur leiðbeiningu í því hvert við ættum að stefna. Okkar góðu kennarar hafa ekki látið sitt eftir liggja, með að vísa okkur vegina, og svo framalega, sem að við höfum fært okkur leiðbeiningar þeirra sjerstaklega í nyt, þá er jeg viss um, að okkur vantar ekki vísir á áttavitann okkar.

Margar glaðar stundir höfum við átt saman hjer „undir Grænu". Og jeg veit að mjer verða kærar endurminningarnar um þær. En hvað hefir veitt okkur þessar gleði stundir? — —Kærleikurinn, já samalega hann. Þessa meginafl alls, þess göfugasta og besta. En, „við verðum ekki sæl af þeim kærleika, sem aðrir veita okkur, heldur þeim, sem að við veitum öðrum", sagði annar kennarinn okkar í vetur. Það skulum við hafa hugfast, og kapp

Skjalasafn Ísafjarðar

ingarir hafa ekki getað. Enn þíkir
hún ekki fullnægð. Þó byggi jeg, að
það sje völd guðs í manninum, sem
talar þar samleikann. Og við, sem
þráðr leita samleikans, megum ekki
gefast upp, þótt það gangi erfitt, eða láta
efasemdirnar leiða okkur úð á dauðann.
Nei, við verðum að finna sjálfan guð,
tala við hann um efasemdirnar og biðja
hann að byrta oss samleikann.

Við erum nú á leið að skilja,
og vitum ekki hvort eigum eftir að
sjást framar. En þá vona jeg, að okk-
ur muni einhverntíma gefast tækifæri,
að hittast og minnast skólaverunnar með
hlýjum huga og fögrum endurminning-
unum; þótt ekki öll á einu, þá einhver
tíma. Og jeg þíki ekki óðru, en að þessi
[illegible] ráðist, það að.

Heim og heilög von ei verður tál,
við það skalthu hugga þig, mín sál.
Vonin sjálf er vonarbygging nóg,
von uppfyllir sá, er von til býð.
Já, við skulum vona, því vonin er lífs-
ins leiðarstjarna mesta, lífið án hennar
væri að eins tál. Vonin er líka inn
próðurinn í bjartsýni lífsins, og það
er einmitt hún, bjartsýnin, sem lyftir
manninum upp á fjósamra braut, en
svartsýnin dregur hann niður í duftið.

Að endingu kveð jeg ykkur öll,
með innilegustu þökkum fyrir sam-
starfið. Og óska ykkur allrar blessun-
ar. Guð gefi okkur öllum þrek til
að geta barist fyrir hinu góða, sem að
við höfum hars að þekkja hjer. Alltaf
skulum við muna eftir orðunum:
Hættu að víkja. Hamingja sje jafnan
með ykkar allra.

Margrjet Jónsdóttir.

Kærleikur.

Kærleikur er nafn á einni hinni
fegurstu hugsjón mannsins; þeirri hugsjón,
sem allar aðrar fagrar og góðar hugsjónir
eru byggðar á, og sem að alt gott og fagurt
er sprottið af; annaðhvort beinlínis eða ó-
beinlínis.

Án kærleiks myndi alla gilda
einu um alla og alt, menn sjálfan sig,
og hver myndi þessvegna gera alt, sem á
hann gæti til þess, að sjer liði svo vel
sem unt væri, það er að segja líkam-
lega; eða með öðrum orðum, láta alt
eftir girndum sínum, án þess að hugsa
um hvort það var gott eða illt, fagurt
eða ljótt, eða hvort aðrir menn biðu
[illegible] af því eða ekki. Öll skyldu-
bönd myndu tvístra, og alt gott líða und-
ir lok, en hið illa myndi ráða gerðum
mannanna.

En þar sem kærleikurinn ríkir,
munu einnig finnast margar aðrar
góðar dygðir, t. d: samleiksást og rjett-
læti. Sá, sem elskar alla, mun ekki
gera sjer að leik ósatt, því að af því leiðir alt-
af eitthvað illt, en það er móðgun við kær-
leikann; hann getur heldur ekki gert
öðrum rangt, því að ef hann elskar þá,
hlýtur hann að vilja þeim vel, en að gera
þeim rangt, sem að hann er velviljaður,
er móðgun við hann sjálfan. Þessu líkt
er það með flestar fagrar og góðar dygðir.
Aðvitað má ekki búast við því, að menn-
irnir geti orðið svo kærleiksríkir, sem æski-
legt væri, eða að nokkur þeirra geti elsk-
að alla. En það er víst, að kærleikurinn
er nú á nýjög lágu stigi, og mikið vantar á
að hann sje eins mikill og hann ætti að vera

Skjalasafn Ísafjarðar

Fram.

